

HÍBYLI - BAÐ

Bra bra í baðið

Sérblað um baðherbergi
FYLGI FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FASTEIGNIR

Gólfhiti og mikil lofthæð

Sérblað um fasteignir
FYLGI FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Engin fasteignasala í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX

Ertu að spá í að selja? Frítt söluverðmat



Valur Blomsterberg
Sölufulltrúi
857-9550
valurblom@remax.is

RE/MAX Torg



Bergsteinn Gunnarsson
Löggiltur Fasteigna fyrirtækja og skipasali

FRAMURSKARANDI SÖLUFULLTRÚAR

FRAMURSKARANDI ÁRANGUR

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

3. mars 2008 – 62. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Í leikriti með hundinum

Ragnheiður Elín Clausen leikur í franska leikritinu L'effet de Serge ásamt hundinum sínum.



FÓLK 30

Alþjóðahús opnað á Akureyri

Framandi menning í æð.

TÍMAMÓT 18

Praskallar og broskallar

Bloggarinn er að bjóða inn til sín, bjóða fólki að deila áhugamálum og skoðunum – og tilfinningum, skrifar Guðmundur Andri Thorsson.


Í DAG 16

Íslendingar á flugi í Meistaradeildinni

Íslendingaliðin GOG og Gummersbach unnu leiki sína í Meistaradeildinni í gær.

ÍPRÓTTIR 24

VEÐRIÐ Í DAG



STÖKU ÉL Í dag verður fremur hæg norðaustlæg eða austlæg átt. Bjart með köflum vestanlands annars skýjað og stöku él. Dálítil snjóköma síðdegis allra syðst á landinu. Frost 0-8 stíg mildast syðst.

VEÐUR 4

Verðfall hlutabréfa kostar ríkið milljarða

Ríkissjóður verður af miklum tekjum vegna lækkana á mörkuðum. Fyrirtæki í kauphöllinni hafa rýrnað um rúmlega 1.300 milljarða frá því lækkanir hófust.

STJÓRNMÁL Viðbúið er að ríkissjóður verði af tugum milljarða miðað við stöðuna eins og hún var áður en lækkanir hófust.

Frá því hlutabréf tóku að lækka vegna óróa á fjármálamörkuðum síðastliðið haust hefur verðmæti íslenskra hlutafélaga rýrnað um meira en 1.300 milljarða.

Tekjur ríkisins af fyrirtækjaskatti námu rúmlega 32 milljörðum árið 2006 en samkvæmt bráðabirgðatölum fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir rúmlega 35 milljörðum fyrir árið 2007. Tekjur af fjármagnstekjum námu 23,7 milljörðum árið 2006 en samkvæmt bráðabirgðatölum er gert ráð fyrir

rúmlega 25 milljörðum árið 2007.

Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar Alþingis, segir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd fylgjast vel með ástandi á mörkuðum vegna mögulegra áhrifa á næstu fjárlög. „Það liggur ljóst fyrir að ríkið tapar tekjum sem það hefði annars fengið, ef ekki hefði komið til þessarar niðursveiflu,“ segir Gunnar.

Í endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá því í janúar er sérstaklega tekið fram að búast megi við því „að þróun á síðasta ársfjórðungi hafi einhver áhrif til lækkunar“ á tekjum ríkis-

ins vegna fyrirtækja- og fjármagnstekjuskatts.

Fríðrik Már Baldursson, prófessor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, segir ríkissjóð augljóslega verða af miklum tekjum vegna lækkana á mörkuðum. Hann telur ríkisstjórnina þurfa að einbeita sér að því að halda stöðugleikanum þrátt fyrir sveiflur á mörkuðum. „Það liggur fyrir að hagnaður til að mynda bankanna minnkar í niðursveiflunni. Við það minnka tekjur ríkissjóðs. Það sem gildir í ríkisfjármálum er að halda jafnvægi og láta ekki sveiflur markaðarins hafa of víðtæk áhrif, miðað við þær áætlanir sem unnið er eftir.“ - mh



MICK JAGGER Lenti á svörtum lista Vítisengla. NORDICPHOTOS/AFP

Vítisenglar árið 1969:

Vildu ráða Jagger af dögum

BANDARÍKIN, AP Meðlimir vélhjólasmatakanna Vítisengla, Hells Angels, áformuðu að drepa Mick Jagger, söngvara Rolling Stones, árið 1969. Þetta kemur fram í viðtali BBC við Mark Young, fyrrverandi liðsmann bandarísku alríkislögreglunnar FBI.

Young segir svo frá að Vítisenglar hafi ætlað að ná til Jagers á heimili hans á Long Island. Þeir vildu hann feigan eftir að Jagger sór að að ráða þá aldrei til gæslustarfa á tónleikum eftir dauða átján ára aðdáanda á tónleikum Rolling Stones í Norður-Kaliforníu. Bát Vítisengla hvolfði þegar þeir reyndu að ná til heimilis Jagger sjóleiðina. Þeir komust í land en hættu við morðtilraunina. - rat

Vann hjá ítölskum tískukóngi: Myndaði fyrir Giorgio Armani

FÓLK Ljósmyndarinn Jón Páll Vilhelmsson starfaði fyrir tískuhönnuðinn Giorgio Armani á síðasta ári. Hann myndaði fjölmargar tískulínur hönnuðarinnar fyrir svokallaðar „lookbooks“ sem dreift er til hugsanlegra kaupenda.

Jón Páll segist ekki hafa áttað sig á því hversu stórt fyrirtækið væri áður en hann tók við starfinu. „Armani er með svo margar mismunandi línur. Það er Giorgio Armani, Armani Collezione, Emporio Armani, Armani Casa, sem er húsgagnalína, og svo má lengi telja,“ segir hann.

- sun / sjá síðu 30



HVAÐ UNGUR NEMUR GAMALL TEMUR – EÐA ÖFUGT? Hún var ekki ýkja löng, skákin sem úkraínska undrabarnið Ilyya Nyzhnyk og Bjarni Magnússon tefldu á blaðamannafundi fyrir Alþjóðlega skákhátíð sem hefst í Reykjavík í dag. Bjarni tefldi illa að eigin sögn, enda vissi hann ekki að til stæði að ljúka skákinni, og beið ósigur fyrir vikið. Ungir skáksnillingar frá Indlandi fylgjast með. Sjá síðu 6

109 milljónir Rússa voru í gær kallaðar að kjörborðinu til að kjósa nýjan forseta:

Medvedev sigraði örugglega

RÚSSLAND, AP Vladímír Pútín Rússlandsforseti og sá sem hann valdi í það hlutverk að bjóða sig fram til að verða eftirmaður hans í embætti, Dmítrí Medvedev, sögðu báðir í gærkvöld að sigur Medvedevs, sem þótti ljós strax og fyrstu tölur úr talningu atkvæða voru birtar, tryggði að Rússland héldi áfram á þeirri braut sem Pútín hefði markað.

Þeir Pútín og Medvedev ávörpuðu mannfjölda sem safnast hafði saman til að hylla þá og hlýða á tónleika á Rauða torginu í gærkvöld. Er um þriðjungur atkvæða hafði verið talinn var Medvedev með yfirgnæfandi



DMÍTRÍ MEDVEDEV

meirihluta. Tveir helstu keppinautar Medvedevs, kommúnistinn Gennadí Sjúganov og þjóðernissinninn Vladímír Zjírínovskí, voru hins vegar fljótir að lýsa efasemdum um að kosningarnar hefðu farið rétt fram.

„Það lítur út fyrir að þetta séu ekki kosningar heldur krýning skipaðs forseta,“ hafði Interfax-fréttastofan eftir Zjírínovskí. „Þetta vekur ekki bara mér heldur öllum borgurum Rússlands viðbjóð,“ sagði hann.

Opinber úrslit verða tilkynnt í dag. Gert er ráð fyrir að nýr forseti verði settur í embætti 7. maí næstkomandi. - aa

Stóri BÓKA MARKAÐURINN Perlunni

28. febrúar til 9. mars
Opíð 10-18
alla daga



Kafbátur mánaðarins
Pizzabátur 6 tommu bátur
SUBWAY 329 kr.

Gildir í mars 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Spámanni

Ifö Tengi
Mikið úrval af upphengdum salernum

Opið virka daga frá 8-18
laugardaga frá 10-15
tengi.is
Smíðjuvegi 76 • Kópavogi
Baldursnesi 6 • Akureyri

SPURNING DAGSINS



Dofri, verður þá ekki að minnsta kosti vinnufriður í olíuhreinsunarstöðinni?

„Líklega mun fjölskyldulífið ekki teyja menn frá vinnu.“

Dofri Hermannsson, framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, sagði á laugardag að vandi landsbyggðarinnar væri ekki skortur á störfum heldur skortur á kvenhylli. Rætt er um olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum. Dofri sagði konur ekki hafa dálæti á stóriðju.

Hlutfall vanskilamanna á Íslandi lækkaði um fimmtung á fimm árum frá 2003:

Karlar þrefalt oftari í vanskil


FJÁRMÁL Konur virðast hafa tekið sig mun betur á en karlar í fjármálum frá árinu 2003 samkvæmt gögnum frá Creditinfo Ísland.

Í árslok 2003 voru alls 18.846 einstaklingar á vanskilaskrá. Það svaraði til 7,2 prósentu þeirra sem voru átján ára og eldri. Við síðustu áramót nam þetta hlutfall hins vegar 5,7 prósentum. Hlutfallslega hafði einstaklingum á vanskilaskrá á Íslandi þannig fækkað um tuttugu prósent.

Frá því í árslok 2003 hefur konum á vanskilaskrá fækkað hlutfallslega um 32,2 prósent. Um síðustu áramót taldist tæplega ein af hverjum hundrað konum yfir átján ára vera á vanskilaskrá. Hlutfallið hjá körlum var hins vegar 2,7 prósent. Sem hlutfall af heildarfjölda hafði körlum á vanskilaskrá um síðustu áramót fækkað um sextán prósent frá 2003.

Alls voru 15.782 einstaklingar, karlar og konur, á vanskilaskrá um síðustu áramót.

FÆKKUN VANSKILA FRÁ 2003



ÞRÓUNIN 2003-2007 Einstaklingar hafa verulega tekið sig á varðandi vanskil á síðustu fimm árum og standa konur þar langt framur körlum.

HEIMILD: CREDITINFO ÍSLAND

Hugo Chavez í ham:

Varar Kólumbíu-stjórn við stríði

VENESÚELA, AP Hugo Chavez Venesúelaforsæti hafði í gær í hótunum við stjórnvöld í grannríkinu Kólumbíu. Sagði hann að stríð gæti brotist út á milli landanna ef



HUGO CHAVEZ

kólumbískir stjórnarhermenn vöguðu sér inn yfir landamærin að Venesúela.

Með þessu var Chavez að bregðast við fréttum af því að kólumbískir hermenn hefðu

farið inn yfir landamæri Ekvador til að hafa uppi á og vega einn af leiðtogum stærstu uppreisnarhreyfingar Kólumbíu. Varaði Chavez kólumbískan starfsbróður sinn, Alvaro Uribe, við því að reyna nokkuð svipað á landamærunum að Venesúela. Hann boðaði auk þess lokun sendiráðs Venesúela í Kólumbíu og fjölgun hermanna á landamærunum.

- aa

BANDARÍKIN

Flugslys á Flórída

Þrennt fórst og fjórði maðurinn slasaðist alvarlega er tvær einkaflugvélar rákust saman við flugvöll á Flórída í gær. Þegar slysið varð var Félag um tilraunaflugvélar, Experimental Aircraft Association, með mót á vellinum, að því er talsmaður rannsóknarnefndar flugslysa vestra, NTSB, sagði.

LÖGREGLUFRETTIR

Átta gistu fangaklefa

Átta gistu fangageymslur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt vegna ölvunar og óspekta, þar af tveir sem höfðu ekið olvaðir. Tvær minniháttar líkamsárásir voru tilkynntar um nóttina og nokkrir árekstrar án slysa á fólki.

GAMLI BALDUR Mynd af nýja Baldri fylgdi fréttinni í gær fyrir mistök. Hér sést gamli Baldur, ríkiseignin sem fjármálaráðuneytið seldi framhjá Ríkiskaupum án auglýsingar.



AMUNDUR SAFRNI



LOFTÁRÁSIR Rústír mosku sem var hluti af byggingu sem öryggisveitir Hamas notuðu í Rafah á Gaza.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mikið mannfali á Gaza:

Friðarviðræðum frestað

PALESTÍNA, AP Talsmenn Ísraelsstjórnar létu sér í gær fátt finnst um alþjóðlega gagnrýni á hernaðaraðgerðir hennar á Gaza-svæðinu, sem kostað hafa yfir 100 Palestínumenn lífið undanfarna daga. Þeir sóru að aðgerðunum yrði haldið áfram uns tekist hefði að stöðva sprengiflaugaárásir herskára Palestínumanna á Ísrael frá Gaza. Mahmoud Abbas, forsæti Palestínumanna, sá sig knúinn til að aflýsa frekari friðarviðræðum í bili vegna atburðanna.

Ísraelsher gerði í gær meðal annars loftárás á tómar skrifstofur Ismail Haniyeh, forsætisráðherra Hamas-stjórnarinnar, í Gaza-borg. Alls hafa 106 Palestínumenn verið drepnir síðan átök höfðu síðastliðinn miðvikudag, þar á meðal konur og börn.

- aa

NÁTTÚRA

Skjálftar við Upptyppinga

Jarðskjálftahrina reið yfir svæðið norðan Vatnajökuls, skammt frá Kárahnjúkum í gær. Þeir eru hluti af hrinu sem verið hefur við Upptyppinga í rúmt ár. Þessi hrina hófst á hádegi í gær og náði hámarki um klukkan tvö. Stærstu skjálftarnir voru um tveir á richter.

Keyptu ríkiseign með ríkisstyrkjum

Sæferðir ehf. keyptu gamla Baldur fyrir ógreidda ríkisstyrki, sem fyrirtækið fær fyrir að flytja fólk yfir Breiðafjörð. Ekkert var greitt út í hönd. Sæferðir fá um 100 milljónir á ári. Talið var eðlilegt að ein stofnun sæi alveg um fyrirtækið.

RÍKISFJÁRMÁL Sæferðir ehf. keyptu ferjuna Baldur af fjármálaráðuneytinu fyrir þá ríkisstyrki sem fyrirtækið fær og mun fá næstu árin fyrir að sigla yfir Breiðafjörð. Ekkert var greitt út í hönd.

Kristín H. Sigurbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Vegagerðinni, staðfestir þetta og að Sæferðir séu enn að greiða ráðuneytinu af skipinu, sem fyrirtækið keypti beint af ríkinu fyrir 37,8 milljónir í lok janúar 2006 og seldi tveimur vikum seinna fyrir rúmar 100 milljónir. Sex milljónir fóru í söluálag. Skuldin er verðtryggt og með fimm prósentu vöxtum.

Við gerð kaupsamnings var ákveðið að skipið yrði greitt niður næstu fimm árin, til ársins 2010, með „niðurröppunargreiðslum“ Vegagerðarinnar til Sæferða. Þessar greiðslur minnka með hverju ári og eru einnig verð-



BÖDVAR JÓNSSON

tryggt. Þær nema um hundrad milljónum króna í ár. Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu seldi fjármálaráðuneytið Sæferðum gamla Baldur beint, án þess að skipið væri auglýst. Þurfti Vegagerðin svo að innheimta skuld Sæferða við ráðuneytið af söluhagnaði ferjunnar. Lækkaði skuldin úr níttján milljónum í sauttján, eftir að hafa verið í vanskilum í fimmtán mánuði. Seinkaði greiðslu af ýmsum sökum, meðal annars af reynsluleysi Vegagerðarinnar af innheimtu og flækjum vegna fyrri afskipta ráðuneytisins.

„Þetta er ekki innheimtustofnun,“

sagði Kristín og bauð blaðamanni að biðja fjármálaráðuneytið skýringa á því að Vegagerðin hefði verið sett í þennan starfa.

Bödvar Jónsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, segir ástæðuna þá að „Vegagerðin fór með málefni Sæferða og hafði upplýsingar um fjárstreymi milli Vegagerðar og Sæferða. Það var því eðlilegt, þegar gengið var frá söluinni, að þeir fengu þennan hluta líka og hann færi í gegnum Vegagerð.“

Bödvar kveður það „kannski ekki mjög algengt að gengið sé frá málu með þessum hætti“. Hins vegar sé eðlilegt að láta ekki margar ríkisstofnanir rukka eða greiða sama fyrirtækinu. „Það hlýtur að eiga að fara gegnum einn aðila,“ segir hann. Páll Kr. Pálsson, stjórnarformaður Sæferða, vildi ekki tjá sig um málið.

klemens@frettabladid.is

Mestu snjóþyngsli í Vestmannaeyjum síðan 1968:

Veðurtepptir í vinnunni

VEÐURFAR Svo miklum snjó kyngdi niður í Vestmannaeyjum í fyrrinótt og gærðag að fólk komst vart milla húsa í gær. „Við byrjuðum á því að skutla fólki heim sem hafði verið úti að skemmta sér,“ segir Guðjón Sigtryggsson, björgunarsveitarmaður hjá Björgunarfélagi Vestmannaeyja.

„Síðan átti fólk erfitt með að komast til vinnu og í Herjólf þannig að það hefur verið nóg að gera. Reyndar er snjórinn það mikill að við höfum verið að festa okkur og erum við þó á stórum bílum,“ bætir hann við.

Þar sem starfsfólki gekk illa að komast úr og í vinnu urðu nokkrir að standa langa vakt á sjúkrahúsinu í bænum. Um klukkan sex í gær var til dæmis einn sjúkraliði að ljúka vakt en hann kom til vinnu klukkan ellefu kvöldið áður.

Engin slys urðu á fólki að sögn lögreglu en einn ökumaður sem var á ferð í gærmorgun velti bíl sínum skammt frá Týsvellinum.

Óskar Friðriksson, trésmiður og ljósmyndari, segir að ekki hafi snjóað svo mikið í Eyjum síðan í mars 1968. „Hér minnst eldri menn þess snjóadags ennþá og er hann kallaður snjórinn mikli,“ segir hann.

- jse



SNJÓÞYNGSLI Í EYJUM Samgöngur lágu niðri í Heimaey í gær en snjóþyngsli þar í gær voru að sögn Eyjamanna þau mestu síðan 1968.

MYND/ÓSKAR FRÍDRIKSSON

Gott á mánudegi



Ýsuhakk

598 kr.

Nóatún mælir með

NÓATÚN

www.noatun.is

LETTIR ÞÉR LÍFIÐ

NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Úrval farsíma á frábæru tilboðsverði

– í verslunum Nova Lág múla
og Smáralind

2000 kr.
notkun á mánuði
í 12 mánuði
fylgir öllum síma-
tilboðum hjá Nova!



**NOKIA
E51**

Útborgun

4.900 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

28.900 kr./stgr.

2 litir, silfur og svart

**NOKIA
6120**

Útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

24.000 kr./stgr.



**SAMSUNG
U700**

Útborgun

9.900 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

33.900 kr./stgr.

2 litir, silfur og svart



**Sony Ericsson
W910i**

Útborgun

14.900 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

38.900 kr./stgr.

Úrval farsíma á frábæru tilboðsverði hjá Nova – komdu við og veldu þér síma!

www.nova.is

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	65,47	65,79
Sterlingspund	129,88	130,52
Evra	99,52	100,08
Dönsk króna	13,353	13,431
Norsk króna	12,614	12,688
Sænsk króna	10,607	10,669
Japanskt jen	0,6271	0,6307

SDR	105,41	106,03
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	129,9155	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		



FRÁ VETTvangi Heimamenn á blóði drifnum vettvangi tilræðisins í Adam Kheil í Pakistan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tilræði á friðarfundum: Árás í Pakistan banaði fjörutíu

PAKISTAN, AP Talið er að yfir fjörutíu manns hafi farist í sjálfsmorðs-sprengjuárás í Norðvestur-Pakistan í gær. Árásin var gerð á samkomu friðarsinna en forystumenn fimm ættflokka höfðu boðað til fundar þar sem ræða átti meðal annars refsingar til handa þeim er aðstoðuðu öfgasamtök á borð við al-Kaída og talibana. Pervez Musharraf forseti sagði árasirnar aðför að friðarferlinu í landinu. Stjórn Musharraf hefur verið gagnrýnd fyrir lélega stjórn á svæðunum næst landamærunum að Afganistan en þar ráða fylgismenn talibana lögum og lofum. Árásin í gær er sú þriðja á svæðinu á þremur dögum. - rat



LEIÐRÉTT
Pau mistök urðu við birtingu myndar með helgarviðtali við Nönnu Magnadóttur að hún var sögð sú kona sem lengst er til vinstri á myndinni. Hið rétta er að hún er hér í miðju. Myndin var auk þess tekin á meðan Nanna starfaði fyrir UNIFEM í Belgrad, áður en hún tók við núverandi starfi á skrifstofu Evrópuráðsins í Prístina.

capacent

GREINING - LYKILÞÆTTIR Í REKSTRÍ
Verður 4. og 5. mars

STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR
Hefst 13. mars

STEFNUMÓTUN - GRUNNNÁMSKEIÐ
Hefst 13. mars

Skráning á namskeid@capacent.is
eða í síma 540 1000.

Lofsyrðum danska forsætisráðherrans um Bandaríkjaforseta misjafnlega tekið:

Fogh sagður hafa Dani að fífli

DANMÖRK Lofsyrði Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, um George W. Bush Bandaríkjaforseta og framlag hans til útbreiðslu frelsis og lýðræðis í heiminum hafa vakið hörð viðbrögð heima í Danmörku. Fogh var um helgina í sinni sjöttu heimsókn hjá Bush, í þetta sinn á búgarði hans í Crawford í Texas. „Maður á ekki að hafa danskan almenning að fífli, en það er það sem Fogh er í raun að gera með þessum ummælum. Við getum vissulega verið bandamenn Bandaríkjanna í mikilvægustu málum, en maður á ekki vera blindur fyrir því sem á sér stað í raunveruleik-



VINIR Vel fór á með þeim Bush og Fogh þegar þeir sýndu sig ljósmyndum á búgarðinum í Texas um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

anum,“ hefur Politiken.dk eftir Mette Frederiksen, varaformanni þingflokks jafnaðarmanna á danska þjóðþinginu.

Villi Sövnal, formaður Sósíalíska þjóðarflokksins, sagði afleiðingarnar af gerðum Bush sem Bandaríkjaforseta vera „meiri öfgar og meiri hryðjuverk“. „Ég er ekki í vafa um að Íraksstríðið hefur út af fyrir sig aukið á hatur og fjandskap og þar með aukið öfgar og hryðjuverk í heiminum,“ sagði Sövnal. Meðal mála sem annars voru á dagskrá viðræðna leiðtoganna voru aðgerðir gegn hlýnun loftslags. Bush kvaðst einnig mundu hjálpa dönsku stjórninni að nálgast upplýsingar um meint leynilegt fangaflug CIA um Grænland og Danmörku. - aa

Langlundargeðið ógnar afkomu bænda

Bændur ættu að sækja hækkanir miklu harðar, segir bóndi sem undrast langlundargeð kollega sinna. Verið að vinna í málinu, segir formaður Bændasamtaka Íslands. Ráðherra segir óvíst hvort ríkið blandi sér í málið.

LANDBÚNAÐUR „Ég tel að skaðinn verði óbætanlegur ef ekki verður eitthvað gert í málefnum bænda,“ segir Oddur Axelsson, bóndi á Kverngrjóti í Dalasýslu. „Ég kem í greinina fyrir tíu árum en þá hafði ég rekið fyrir-tæki í Reykjavík. Mér finnst þetta umhverfi alveg stórfurðulegt og ég undrast mjög langlundargeð bænda, það þarf helst að jarða þá svo þeir láti eitthvað í sér heyrna. Síðustu tvö ár hefur rafmagnsverð hækkað um þrjátíu til fjörutíu prósent, vextir á lánum hjá mér hafa hækkað um 65 prósent frá því í fyrra, svo vita allir að rekstrarvörur hafa hækkað gríðarlega. Samt erum við allt of linir við að sækja hækkanir á afurðum okkar.“

Hann segir enn fremur að í Borgarfirði og Dalasýslu hafi átta bændur, svo hann viti til, ákveðið að hætta og svo hafi hann heyrt af mörgum sem ihugi að hætta næsta haust ef ástandið skáni ekki. „Við fáum nú um 85 krónur fyrir mjólkurlítrann en mál manna er að hækkinin þyrfti að nema um tuttugu til þrjátíu krónum til að bregðast við þessu ástandi.“

„Ég get tekið undir það með Axel að ef ekki verði eitthvað að gert á næstu misserum gæti farið af stað keðjuverkun sem erfitt yrði svo að snúa við,“ segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands. „En verðlagsnefnd búvara, sem í sitja fulltrúarbænda, verkalýðshreyfingarinnar, neytenda og afurðastöðva, hefur verið að vinna í þessu og reyna að finna leiðir. Ég á von á



FRÁ BÚNAÐARÞINGINU Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sagði að mikilvægt væri að gera sáttmála um mataröryggi Íslendinga. Bóndi í Dalasýslu telur hins vegar að langlundargeð bænda sé farið að ögra því öryggi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

niðurstöðu um miðjan þennan mánuð.“ Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hvatti til þess í ræðu sinni sem hann hélt á búnaðarþingi sem hófst í gær að gerður yrði sáttmáli sem tryggði fæðuöryggi Íslendinga. Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

sem einnig tók til máls á þinginu, segir það blasa við að svo miklar hækkanir á aðföngum muni bitna á bændum, afurðastöðvum og neytendum. Hann segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um það hvort stjórnvöld hlaupi undir bagga svo þessu verði ekki eingöngu mætt með verðhækkunum. jse@frettabladid.is

Álver á Bakka:

Stuðningur frá Fjallabyggð

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Fjallabyggðar segir Álver á Bakka við Húsavík mundu geta orðið kjölfesta í atvinnumálum á Norðurausturlandi. „Það er alveg ljóst að Norð-austurland býr ekki við þá þenslu sem er á suðvesturhorni landsins og því skorar bæjarráð Fjallabyggðar á stjórnvöld að beita sér fyrir því að af þessum framkvæmdum geti orðið sem fyrst,“ segir í ályktun bæjarráðsins, sem bendir á að á síðustu tíu árum hafi íbúum frá Húsavík til Raufarhafnar fækkað um fimmtán prósent. Það af hafi fólki undir fertugu fækkað um fjórðung. - gar



TILRAUNAMÝS Auglýsing rússnesku leyniþjónustunnar veldur heilabrotum. Dularfull auglýsing Rússaríkis:

Mikil leynd um 3200 hvítar mýs

RÚSSLAND Rússar beindu í gær athygli sinni frá fyrirsjáanlegum forsetakosningum og að dularfullu opinberu leyndarmáli. Spurningin sem brennur á þjóðinni er hvað leyniþjónustan vill með 3.200 hvítar mýs, sem eru meira en einnar milljónar virði. Leyniþjónustan auglýsti eftir músunum, og fram kom að þær þyrftu að vera hvítar tilraunamýs, kvenkyns og undir átján grömmum hver. Þær þyrftu að afhendast fyrir lok árs. Yfirvöld hafa harðneitað að upplýsa frekar um hvað ætlast er fyrir með nagdýrin. Málið hefur vakið mikla athygli og fólk veltir fyrir sér hvers kyns tilraunum stjórnvöld standi í. - sh

Fjórir fangelsaðir í Úkraínu: Læknir étinn í eigin matarboði

ÚKRAÍNA Fjórir úkraínskir vinir hafa verið fangelsaðir eftir að hafa myrt og étin félaga sinn. Læknirinn Alexander Stepaniuk bauð fólkinu, tveimur konum og tveimur körlum, í matarboð. Nákvæmlega hvað gerðist í boðinu liggur ekki fyrir, en vitað er að eftir mikla drykkju börðu gestirnir Stepaniuk til bana með hamri. Því næst skáru þeir hann í bita, grilluðu valda hluta og átu. Fjórmenningarnir voru handteknir eftir að nágranni gerði lögreglu viðvart. Þeir báru því við að ódæðið hefði ekki verið neitt persónulegt, þau hefðu bara viljað bragða mannakjöt. - sh

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

ÞRIÐJUDAGURINN
Á þriðjudaginn nálgast okkur lægð með töluvert mikilli úrkomu. Samfara þessu hlýnar smám saman sunnan til og vestan. Í fyrstu mun snjóa en þegar líður á daginn fáum við slyddu og síðar rigningu á suðurhluta landsins. Fyrir norðan fer að snjóa eftir hádegi en ekki eru horfur á að þar hláni.

Á MORGUN 2
8-13 m/s sunnan til og vestan, annars hægari.

MÍÐVIKUDAGUR 3
5-15 m/s, hvasast með ströndum.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	5°
Billund	5°
Ósló	-4°
Stokkhólmur	1°
Gautaborg	5°
London	6°
Paris	7°
Frankfurt	5°
Friedrichshafen	11°
Berlín	7°
Alicante	19°
Mallorca	16°
Basel	10°
Eindhoven	7°
Las Palmas	21°
New York	13°
Orlando	27°
San Francisco	18°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Við höfum trú á Framtíðina

Það þarf ekki kraftaverk

Við breytum 5.000 kr. í 7.000 kr.

Fátt er mikilvægara en að tryggja æsku landsins örugga og bjarta framtíð. Ef þú gefur fermingarbarni 5.000 kr. gjafabréf í **Framtíðarsjóð** bætir Sparisjóðurinn **2.000 kr.** við gjöfina. Við höfum trú á framtíðinni.

Líttu við á spar.is og kynntu þér kosti **Framtíðarsjóðsins**

- Há raunávöxtun
- Verðtryggður reikningur
- Hægt að semja um reglubundinn sparnað
- Hægt að leggja inn hvenær sem er



SPARISJÓÐURINN

spar.is

KJÖRKASSINN

Treystir þú borgarstjórn?

Já	46%
Nei	54%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ert þú hlynnt(ur) því að reyklingar verði leyfðar á afmörkuðum svæðum á veitinga- og skemmtistöðum?

Segðu skoðun þína á visir.is

Ahmadinejad Íransforseti í tímamótaheimsókn í Írak: Talar um nýjan kafla tengsla

ÍRAK, AP Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti sagði í gær að tímamótaheimsókn sín til Íraks markaði upphaf nýs kafla í „bróðurlegum“ tengslum grannlandanna, sem lengi voru svarnir óvinir.

Ahmadinejad er fyrsti forseti Írans sem heimsækir Írak. Eftir lendingu á Bagdadflugvelli fór hann beint á fund Jalals Talabani Íraksforseta, þar sem hann fékk höfðinglegar móttökur.

„Við áttum mjög góðar viðræður sem voru bæði vinsamlegar og bróðurlegar. Við höfum sameiginlegan skilning og viðhorf á öllum sviðum, og báðir aðilar ætla sér að bæta tengslin eins og unnt er,“

sagði Ahmadinejad á sameiginlegum blaðamannafundi með Talabani í forsetabústaðnum í Bagdad, sem er inni á „græna svæðinu“ svonefnda við bakka árinna Tigris, gegnt bandaríska sendiráðinu.

Með heimsókninni gafst Ahmadinejad tækifæri til að vekja athygli á breyttum tengslum landanna eftir fall Saddamstjórnarinnar – nú fara sja-múslimar fyrir báðum löndum – en hún gagnast ekki síður sem ögrun við Bandaríkjastjórn, sem sakar Írana um að þjálfa og vopna öfgamenn úr röðum sja sem taki þátt í vopnuðum átökum í Írak. Þessum ásökunum hefur Íransstjórn vísað á bug.



BRÓÐURLEGIR Mahmoud Ahmadinejad og hinn íraski starfsbróðir hans Jalal Talabani haldast í hendur í Bagdad í gær.

Fólksfjöldatakmörkanir í Kína: Íhuga að slaka á einbirtisstefnu

KÍNA, AP Yfirvöld í Kína íhuga nú að endurskoða einbirtisstefnuna svonefndu. Haft er eftir Wu Jianmin, talsmanni nefndar sem er Kínabingi til ráðgjafar, að með henni hafi tekist að halda fólksfjölgun í skefjun síðustu þrjá áratugi. Án hennar væru Kínverjar nú 400 milljónum fleiri.

Gagnrýnendur stefnunnar segja hana hafa skapað ójafnvægi milli kynjanna í landinu og leitt til þvingaðra fóstureyðinga og ófrjósemisaðgerða. Kínverjar sextíu ára og eldri verða um 280 milljónir árið 2025. Wu segir breyttar aðstæður geta kallað á endurskoðun stefnunnar.

Samkaup

Aðalfundur í Samkaupum h.f.
Stjórn Samkaupa hf. boðar hér með til aðalfundar í félaginu fyrir rekstrarárið 2007

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 12. mars 2008 kl 15 í sal Verslunarmannafélags Suðurnesja að Vatnsnesvegi 14, 230 Reykjanesbæ.

Á dagskrá fundarins eru aðalfundarstörf samkvæmt 14. gr. samþykktu félagsins. Þá verður lögð fyrir fundinum tillaga um að félagið megi eignast og eiga allt að 10% hlutfjár í félaginu í 18 mánuði.

Stjórn Samkaupa h.f.

Ellefu ára undrabarn lagði aldursforsetann

Úkraínska undrabarnið Illya Nyzhnyk lagði skákmeistarann Bjarna Magnússon á blaðamannafundi. Skákin var þó aðeins til gamans. Mótið sjálft hefst í dag.

SKÁK „Skákin brúar bil“ er yfirskrift alþjóðlegrar skákhátíðar í Reykjavík sem hefst með setningu Alþjóðlega Reykjavíkurmótsins í Skákhöllinni í Faxa-feni klukkan fimm í dag. Hátíðin er tileinkuð minningu Bobbys Fischer. Um hundrað skákmenn tefla á mótinu, þar af tæplega sjötíu erlendir. Þeir eru á öllum aldri og frá öllum heimshornum.

Nokkrir keppendur á mótinu hittu blaðamenn á fundi í gær. Meðal þeirra var hinn ellefu ára gamli Illya Nyzhnyk frá Úkraínu, sem sló í gegn á opnu móti í Moskvu í fyrra, þar sem hann tefldi allar skákir með bangsa í fanginu og sigraði í afar sterkum riðli aðeins tíu ára gamall. Hann gæti á næsta ári orðið yngsti stórmeistari sögunnar.

Nyzhnyk hefur teflt frá fjögurra ára aldri. Að sögn systur hans, Kate, sem ferðast með bróður sínum og túlkar fyrir hann, kom skáká hugi Illya litla fjölskyldu hans á óvart. „Hann lærði skák af því að horfa klukkustundum saman á skákir Bobbys Fischer í skáktölvu,“ segir hún. „Hann tók upp á því sjálfur. Enginn annar í fjölskyldunni teflir.“

Að eigin sögn hefur Nyzhnyk þó áhuga á svipuðum hlutum og jafnaldrar hans; teikni- og hasarmyndum og fótbolta, þótt skákin sé sannarlega tímafrestur.

Nyzhnyk tefldi á fundinum stutta skák við Bjarna Magnússon, elsta skákmeistarara sem keppt hefur á Alþjóðlega Reykjavíkurskákumótinu í 44 ára sögu þess. Bjarni er 86 ára og hefur teflt frá tíu ára aldri.

Skemmt er frá því að segja að Nyzhnyk hafði sigur í skákinni. „Ég tefldi bara illa,“ segir Bjarni um ástæðu ósigursins. „Ég vissi ekki að við ætluðum að tefla heila skák.“ Hann segist búast við skemmtilegu móti, en verður þó ánægður ef hann nær tveimur vinningum.

Á fundinum var einnig hin 21 árs Tania Sachdev, núverandi Indlandsmeistari kvenna í skák. Indverskri



TANIA SACHDEV



BJARNI MAGNÚSSON



EINBEITUR Illya Nyzhnyk hefur sagt skilið við bangsann sem hann hafði í fangi sér þegar hann tefldi allar skákirnar á opna Moskvumótinu í fyrra og bar sigur úr býtum í sínum riðli. Hann er væntanlega vaxinn upp úr tuskudýrunum, enda orðinn hvorki meira né minna en ellefu ára.

skákmenningu hefur vaxið ásmegin síðan Indverjinn Vishy Anand varð heimsmeistari og er Indland að komast í hóp mestu skákvelda veraldar. „Auðvitað hef ég hitt Vishy,“ segir Tania aðspurð. „Allur skákheimurinn á Indlandi hefur hitt hann.“ Og Tania hefur meira að segja teflt við heimsmeistarann. „Það var hins vegar bara til sýnis. Draumur minn er að tefla við hann alvöruskák – og vinna.“

STIGAR OG HANDRÍÐ ÚR GLERI OG STÁLI

ÚTI SEM INNI

ATLANTSKAUP Upplýsingar á www.atlantskaup.is

Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,112 Reykjavík S: 533 3700

-2kr.

Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

Stjórnaformaður REI segir verkefni fyrirtækisins mörg og í mörgum heimsálfum: Standa við skuldbindingarnar

ORKA „Ég reikna með að við stöndum við allar skuldbindingar,“ segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi og nýr stjórnaformaður REI, spurður um þau verkefni sem forveri hans í starfi, Bjarni Ármannsson, ákvað að ráðast í á sínum tíma.

Meðal þeirra eru verkefni í Afríku og Austurlöndum. Sum þeirra eru áhættusöm, en Kjartan segir að í fæstum tilfellum hafi miklum fjármunum verið lokað.


„Þetta verður auðvitað verkefni stjórnarinnar. Ég vil ekki tjá mig mikið um einstök verkefni, en þau eru mörg og í mörgum heimsálfum. Þessi verkefni eru líka mjög misjafnlega langt á veg komin,“ segir Kjartan. Ný stjórn muni vega og meta hvert verkefni fyrir sig, en staðið verði þó við skuldbindingar, sem fyrr segir.

Ný stjórn útrásarfyrirtækisins REI var skipuð á fimmtudaginn og sitja í henni, auk Kjartans, þau



KJARTAN MAGNÚSSON Stefna REI er enn í mótnu, en nýr stjórnaformaður fyrirtækisins hefur sagt að það haldi áfram útrásarverkefnum. Áhættan verði hins vegar lágmarkuð.

Ásta Þorleifsdóttir, F-lista, og Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar. Hjörleifur er í sæti minnihlutans einungis tímabundið því til stendur að einhver með reynslu úr atvinnulífinu verði fenginn til starfans, frekar en stjórnmalamaður.



Láttu reyna á'ann

ISLENSKA SÁLE TOY 41338 02/08

Hilux - Enn betri með stærri vél

Það er ekki hægt að standast það að setjast undir stýri á Hilux Double Cab. Hann er fjallkóngur, vinnuþjarkur og borgarbarn sem skarar fram úr öðrum við íslenskar aðstæður. Þú færð ekki styrk og öryggi á hagstæðara verði.

Hilux er með öflugri 3,0 lítra D-4D dísilvél (common rail turbo). Hann hefur gott rými, er hljóðlátur, rennilegur og getur tekist á við verkefni þar sem gerðar eru miklar kröfur um hörku og seiglu.

Verð 3.350.000 kr.*

*Gildir fyrir Hilux Double Cab



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Mannskæðar óeirðir vegna forsetakosninga í Armeníu: Neyðarástand í gildi

ARMENÍA, AP Hermenn og brynvagnar sinntu eftirliti á götum Jerevan, höfuðborgar Armeníu, í gær í kjölfar heiftarlegra óeirða daginn áður sem skildu átta manns eftir í valnum og yfir 100 særða og slasaða. Forseti lýðveldisins lýsti yfir tuttugu daga neyðarástandi af þessu tilefni.

Robert Kocharian, fráfarandi forseti, lýsti neyðarástandinu yfir á laugardagskvöld, en þann daginn hafði komið til alvarlegra árekstra þátttakenda í götumótmælum og lögreglu. Mótmælendurnir, sem flestir styðja Levon Ter-Petrossian sem hlaut næstflest atkvæði í forsetakosningunum 19. febrúar, telja



ÁTÖK Jerevanbúi gengur um sviðinn vettvang óeirðanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

að stjórnvöld hafi haft rangt við. Flokksbróðir Kocharians, Serzh Sarkisian forsætisráðherra, var kjörinn arftaki hans samkvæmt opinberum úrslitum. Óeirðirnar hófust er lögregla dreifði táragsi til að leysa upp mótmælafundum 15.000 stjórnarandstæðinga. - aa



SKORRADALUR Dagverðarnes er ein af sex lóðum í Skorradal með skipulagðri frístundabyggð. Deilur hafa staðið undanfarin ár þar sem landeigendur vilja ekki endurnýja leigusamninga heldur selja sumarhúsaeygendum lóðir sem hús þeirra standa á.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Sumarhúss- eigandi verði borinn út

Landeigendur í Dagverðarnesi krefjast þess að eigandi sumarhúss verði borinn út af jörðinni. Lóðaleigusamningur er runninn út og gat eigandi sumarhússins valið milli þess að flytja húsið á brott eða kaupa lóðina á níu milljónir króna.

FÉLAGSMÁL Landeigendur í Dagverðarnesi í Skorradal krefjast þess að eigandi sumarhúss á leigulóð verði borinn út. Lóðaleigusamningur sumarhúsaeygandans rann út í nóvember og hefur honum staðið til boða að kaupa lóðina á um níu milljónir króna.

„Dýr myndi dalurinn allur,“ segir Runólfur Gunnlaugsson, löggiltur fasteignasali og eigandi sumarhúss í Dagverðarnesi. Lóðaleigusamningur hans rennur út árið 2011, og hefur hann því fylgst grannt með gangi mála.

Sumarhúsaeygendur binda gríðarlegar vonir við að frumvarp um frístundabyggð sem gjörbreytt gæti réttarstöðu þeirra verði að lögum sem fyrst, segir Runólfur.

Frumvarpið er til umfjöllunar hjá félagsmálanefnd Alþingis, og fóru fulltrúar sumarhúsaeygenda í Dagverðarnesi á fund nefndarinnar í vikunni til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Verði frumvarpið að lögum verður réttarstaða þeirra sem eiga sumarhús á leigulóðum tryggð þannig að ekki verði hægt að þvinga þá til að kaupa lóðina dýrum dómum eða flytja bústaðinn ella, segir Runólfur.

Leigusamningar þriggja sumarhúsaeygenda í Dagverðarnesi runnu út í nóvember. Tveir keyptu lóðirnar en sá þriðji ekki.

Runólfur segir að landeigendur

hafi upphaflega boðið leigjendum lóðirnar til kaups haustið 2006. Hver lóð er að jafnaði um fjórðungur úr hektara og kostuðu slíkar lóðir þá um 2,4 milljónir, eða 3,6 milljónir ef þær voru við Skorradalssvatn.

Garðar Briem, lögmaður landeigenda, segir að markaðsvirði lóðar þar sem til stendur að bera sumarhúsaeygandann út sé um níu milljónir króna. Það er riflega tvöfalt hærra verð en sett var á jörðina fyrir rúmu ári síðan.


Þegar er kominn nýr kaupandi að lóðinni, samningur runninn út og ekkert því til fyrirstöðu að krefjast þess að lóðin verði rýmd, segir Garðar.

Hann segir eigendur Dagverðarnes hafa sýnt mikla viðleitni til að leysa málið án aðkomu dómstóla. Ekki hafi staðið til boða að endurnýja leigusamninginn.

Spurður hvers vegna uppsett lóðaverð hafi röklega tvöfaldast á rúmu ári segir Garðar það sína skoðun að lóðirnar hafi verið boðnar allt of ódýrt á sínum tíma, níu milljónir sé markaðsverð í dag. Lóðaleigusamningar þriggja til fjögurra sumarhúsaeygenda í Dagverðarnesi munu renna út á hverju ári næstu árin, og því brýnt að frumvarpið um frístundabyggð verði að lögum sem fyrst, segir Runólfur.

brjann@frettabladid.is

HAFÐU
Fíðrildaáhrif



UNIFEM
www.unifem.is

FÍÐRILDAVIKA 3.–8. mars 2008

Dagana 3. – 8. mars gefum við 10% af allri leigu kvenna á bílum okkar í styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum.

Með því að leigja bíl hjá Hertz út um allt land á þessu tímabili stuðlar þú að auknum mannréttindum kvenna í þróunarlöndunum. Það köllum við fíðrildaáhrif.

Fíðrildahátíð UNIFEM verður haldin á Alþjóðadegi kvenna, 8. mars 2008.

Hertz
522 44 00 • www.hertz.is

ADRO™ opnar þér nýjar víddir

Í fyrsta skipti er þægilegur hljómur og afburða talgreining sameinuð í einu tæki með hinni einstöku **ADRO** tækni. Hljóðið sem berst þér er ekki lengur þjappað og líflaust heldur vítt og breytilegt. Komdu og kynntu þér málið!

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Ókeypis heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

ATHUGIÐ!
Tryggingastofnun tekur þátt
í greiðslu heyrnartækja.

HEYRNARSTÖÐIN



Læknastöðin, Kringlunni • Tímá pantanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is



At the heart of the image

D40

Ekki bara myndavél – heldur NIKON



Við bjóðum nú þessa stórkostlegu myndavél – með Nikon linsu, Nikon SB-400 flassi, 1 GB minniskubb og tösku á aðeins **kr. 79.900,-**



Nikon D40 myndavél

- 6.1 milljón pixla CCD myndflaga
- 2.5 rammur á sekúndu (fps)
- 2,5" LCD skjár
- Hraður 3 punkta sjálfvirkur fókus
- ISO 200-1600 (3200 með boost)
- Innbyggðir aðgerðir til að laga og breyta myndum í vélinni
- i-TTL ljósmælikerfi
- Notar DS minniskort
- Getur notað flestar autofokus linsur fyrir Nikon myndavélar
- Innbyggt flass
- Skór fyrir auka Nikon flass
- Þyngd 522gr (án linsu)
- **18–55 mm Nikon DX linsa fylgir**

Nikon SB-400 leifturljós

- Hentar sérstaklega vel með betri compact vélum og minni D-SLR
- Leiðitala 21(100iso) · Notar 2 stk AA rafhlöður · Þyngd 127 gr.

ORMSSON

ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
VÍK-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
VÍK-REYÐARFIRÐI
SÍMI 474 1477

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

SIMPLY CLEVER



ALVÖRU KRAFTUR ENGIN EYÐSLA

Skoda Octavia 1,9 TDI® - 4,9 lítrar á hundraðið

Verð kr. **2.630.000**

Skoda Octavia 1,9 TDI®



Ríkulegur staðalbúnaður Octavia

ESP stöðugleikakerfi
ESP Spólvörn
Aksturstölva

Tengi fyrir iPod
Sex hátalarar
Hanskahólf með kælibúnaði

Sex loftþúðar
Hraðastillir (cruise control)
Þokuljós í framstuðara

Hiti í speglum og sætum
Loftkæling
Hæðarstillanleg sæti

HEKLA · Laugavegi 172-174 · Sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranes · Ísafjörður · Reyðarfjörður · Reykjanesbær · Selfoss



JONSSON & LEIÐMANN · HELIX · SEA

51250 50

Auglýsingasími

Mest lesið



WALTER VELTRONI OG MARIANNA MADIA Veltroni reynir að höfða til unga fólksins og kynnti nýverið til sögunnar Mariönnu Madia, 27 ára konu sem verður í efsta sæti listans í Latíum-héraði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Veltroni til atlögu við Berlusconi

Kosningabaráttan á Ítalíu er hafin fyrir alvöru. Meginkeppinautarnir eru Walter Veltroni, fyrrverandi borgarstjóri Rómur, og gamla hægrikempan Silvio Berlusconi, sem er orðinn 71 árs gamall.

ÍTALÍA, AP Ítalski stjórnmalamaðurinn Walter Veltroni hefur verið borgarstjóri í Róm síðustu sjö árin. Hann vonast til að verða forsætisráðherra landsins eftir þingskosningarnar í apríl.

Til þess að sá draumur rætist þarf Veltroni þó að vinna sigur á leiðtoga hægrikempanna, Silvio Berlusconi, fjölmiðlakónginum sem hefur tvisvar áður verið forsætisráðherra og virðist ætla að komast langt á óánægju Ítala með stjórn Romanos Prodi sem hrökkladist frá völdum í byrjun febrúar.

Stjórn Prodis entist ekki nema í tvö ár, en seinni ríkisstjórn Berlusconi sat í heilt kjörtímabil, frá 2001 til 2006, og þykir einstakt afrek á Ítalíu að halda stjórnarmeirihluta á þingi svo lengi.

Berlusconi ætlar ekki að láta aldurrinn trufla sig þótt hann sé orðinn 71 árs, jafngamall og repúblikaninn John McCain sem sækist eftir því að verða forseti Bandaríkjanna. Á föstudag sagðist hann hafa starfsorku á við ungan mann.

„Ég er enginn súpermann, þótt barnabörnin mín haldi að ég sé það,“ sagði Berlusconi í sjónvarpi fyrir stuttu, og bætti svo við fullur högværðar að venju: „Reyndar hef ég verið hálfgerður súper-

mann á sumum sviðum.“

Veltroni er hins vegar aðeins 52 ára og þykir býsna ungur og hress í samanburði við gamla manninn. Í skoðanakönnunum hefur hann verið að saxa töluvert á forskotið sem hægrifylking Berlusconi hafði þegar stjórn Prodis féll.

Veltroni stofnaði Lýðræðisflokk sinn í október síðastliðnum og hefur gætt sín á því að tengja sig ekki hinni gömlu fylkingu vinstri-flokkanna. Þar með rýfur hann þá ítölsku hefð að stjórnmalaflokkarnir skipi sér í fylkingar fyrir kosningar.

„Ítalía stendur frammi fyrir skýrum valkostum,“ sagði Veltroni á fjölmennum kosningafundi á sunnudaginn var: „Annað hvort að halda áfram því sem viðgengist hefur síðustu fimmtán árin, eða snúa við blaðinu.“

Á kosningafundum hans minnir reyndar margt á áherslur demokratans Barack Obama í Bandaríkjunum. Veltroni hrópar til fólksins: „Kjösið breytingar!“ Og stuðningsmenn í salnum bera spjöld þar sem á stendur: „Við getum það!“

Tæpir tveir mánuðir eru þó enn í kosningar og Berlusconi hefur enn vinninginn í skoðanakönnunum.

gudsteinn@frettabladid.is



Knorr bollasúpa er fullkomin máltíð hvenær sem er.



Hlýtt í vetur

Á köldum og dimmum vetri er nauðsynlegt að fá bæði fallegan lit í tilveruna og yl í kroppinn og hjúfra sig inni í hlýjuni yfir heitri súpu eða pastarrétti frá Knorr. Alltaf einfalt, lífríkt og gott með Knorr!

Fermingarveislan er hafin



Þú átt að elska rúmið þitt



Mette Ditmer rúmteppi á 120x200 rúm, afsláttarverð kr. 12.240,- á fermingartilboði. Teppin eru til í 7 litum



Bólstraðir rúmgafnar í miklu úrvali. 15% afsláttur með fermingartilboðunum.



Val er um svarta, hvíta eða brúna leðurbotna. Fætur fást í eik, dökku vengi eða krómfætur.

Crown heilsurúm

80x200 cm	Verð áður kr. 56.164	nú kr. 51.200
90x200 cm	Verð áður kr. 59.478	nú kr. 54.700
100x200 cm	Verð áður kr. 66.287	nú kr. 56.900
120x200 cm	Verð áður kr. 76.466	nú kr. 69.900

Chiro Standard

100x200 cm	Verð áður kr. 92.104	Nú kr. 72.900
120x200 cm	Verð áður kr. 106.187	Nú kr. 82.900
140x200 cm	Verð áður kr. 124.798	Nú kr. 92.900

Chiro DeLuxe

90x200 cm	Verð áður kr. 99.900	Nú kr. 75.900
100x200 cm	Verð áður kr. 102.900	Nú kr. 79.900
120x200 cm	Verð áður kr. 119.800	Nú kr. 89.900
140x200 cm	Verð áður kr. 137.419	Nú kr. 99.900



Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

HVUNNDAGSHETJA

Góður stuðningur mikilvægur

Ragna K. Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju og móðir tveggja fatlaðra drengja, er Hvunndagshetja Fréttablaðsins. Hún hefur nýtt reynslu sína af umönnun sona sinna öðrum foreldrum og fjölskyldum til hagsbóta en segir viðurkenninguna vera verðlaun fyrir mæður sem barist hafa fyrir réttindum barna sinna. *Olav Veigar Davíðsson* ræddi við Rögnu um baráttuna.

Ragna K. Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju, er móðir tveggja drengja með DMD (Duchenne muscular dystrophy) semerferðatengdurvöðvarýrnunar-sjúkdómur. Hún var á þriðjudaginn valin Hvunndagshetja Fréttablaðsins.

Í umsögn dómnefndar segir að Ragna hafi nýtt reynslu af umönnun fatlaðra sona sinna til hagsbóta öðrum foreldrum fatlaðra barna. Segir þar enn frekar að dugnaður hennar í störfum sem snúa að fötludum börnum og fjölskyldum þeirra sé einstakur. Ragnar, sonur hennar, var greindur með DMD árið 1980 og annar sonur hennar, Sævar, skömmu síðar. Sævar lést árið 1993.

Engin aðstaða í skólanum

„Þetta byrjar með því að drengirnir eru greindir á þessum árum en þá er Ragnar að hefja sína skólagöngu,“ segir Ragna. „Þá var svolítið búið að ræða að best væri að þeir færu í sérskóla af því að þeir yrðu það mikið fatlaðir í sínum hjólastólum. En við vorum ekki alveg á sama máli og fagfólk-ið.“ Skólabyggingin var ekki hönnuð með aðgengi fatlaðra í huga.

„Svo við þurftum að fara á fund skólustjóra og sveitarstjóra og fá það samþykkt að þeir væru velkomnir í skólann með þessum hjálparkækjum sem til þurfti.“ Ragna segir bæði skólann og sveitarfélagið hafa tekið þeim afskaplega vel. Sama hafi gilt þegar drengirnir fóru í skóla fyrir eldri börn. „Þessi grunnskólaganga þeirra gekk í raun mjög vel. Okkur fannst ekki ástæða til að senda strákana í annan skóla og að það hlyti að vera hægt að koma til móts við þessar þarfir sem og var gert.“

Gott að búa í litlu sveitarfélagi

Sveitarfélagið sem þau bjuggu í var ekki stórt svo synir þeirra áttu sömu skólafélaga í leikskóla og grunnskóla. Líf þeirra og fötlun þróast með krökkunum. Drengirnir bjuggu að því að fólk þekkti þá eða til þeirra. „Þeir áttu afskaplega skemmtilega og góða æsku á Seltjarnarnesi með sínum vinum. Heimili okkar var nálægt skólanum svo þeir gátu keyrt sig sjálfir í skólann á hjólastólum.“ Þeir hafi því verið mun sjálfstæðari fyrir vikið.

Miðlað af reynslunni

Fjölskyldan var í samskiptum við margt fagfólk. „Fagfólk leitaði svolítið til okkar á þessum tíma þegar aðrir foreldrar voru að lenda í sömu sporum og við vorum í,“ segir Ragna. Meðal annars var fólk að velta fyrir sér aðgengi fyrir hjólastóla í húsum sínum og nánasta umhverfi. „Þannig byrjaði ég að hitta aðra foreldra,“ segir hún.

Í stjórn Umhyggju

Árið 1993 var Ragna beðin um að taka sæti í stjórn Umhyggju. „Þá voru foreldrar nánast ekkert inni í þessu starfi heldur aðallega fagfólk.“ Ragna segir ákveðna vaxningu hafa átt sér stað um að það þyrfti að ná foreldrahópnum saman svo foreldrar gætu nýst hverjir öðrum og miðlað af reynslu sinni. Segir hún að í Umhyggju hafi verið unnið mikið og gott starf. Árið 1995 átti hún þátt í að breyta félaginu til núverandi horfs. Átján foreldrafélög eru innan Umhyggju sem kallar á mikil samskipti og mikla vinnu. Að auki hefur hún setið í mörgum nefndum og unnið að ýmsu tengdu félaginu og mál-efninu. „Í gegnum starf mitt hef ég



RAGNA K. MARINÓSDÓTTIR Fagfólk leitaði til fjölskyldunnar og bað hana um að miðla af reynslu sinni til þeirra sem voru í sambærilegum sporum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

AÐALFUNDUR ATORKU GROUP HF.

**ÞRIÐJUDAGINN 11. MARS 2008 KL. 17:00
HILTON REYKJAVÍK NORDICA,
SUÐURLANDSBRAUT 2, 108 REYKJAVÍK**

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um liðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á liðnu reikningsári.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu Atorku Group hf.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
7. Kosning stjórnar félagsins skv. 17. grein samþykta.
8. Kosning endurskoðenda félagsins skv. 24. grein samþykta.
9. Önnur mál.

FRAMBOÐ TIL STJÓRNAR

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út kl. 17:00 miðvikudaginn 5. mars 2008. Framboðum skal skila skriflega til skrifstofu forstjóra Atorku Group hf. Hlíðasmára 1, Kópavogi, fyrir þann tíma. Þar skulu koma fram þær upplýsingar um viðkomandi frambjóðanda sem íslensk hlutafélagalög gera ráð fyrir. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins munu liggja frammi hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir hluthafafund.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu hafa borist í hendur stjórnar með skriflegum hætti eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund. Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins ásamt skýrslu endurskoðenda munu liggja frammi á skrifstofu félagsins að Hlíðasmára 1, Kópavogi, hluthöfum til sýnis, fimm dögum fyrir aðalfund. Þessi gögn verða einnig aðgengileg á www.atorka.is. Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við innganginn við upphaf fundarins.

Til sölu til flutnings nýtt Sumarhús 67 fm + 32 fm svefnloft. Fullbúin að utan, einangruð og plöstuð að innan. Teikningar fylgja með. Sumarhus.com S. 615 2500.

Geymslulúsnæði



Gómar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.



Til leigu sér geymslublí 7, 10 og 17 m². Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktad. S. 564 6500. www.veyslaeit.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

ATVINNA

Atvinna í boði



Öryggisgæslan ehf.
Óskar eftir starfsfólki til næturstarfa frá 23:00 til 08:00 Vinna er í boði allar nætur, einnig um helgar eða aukavaktir í boði. Starfið felur í sér m.a. áfyllingu 30%, Þjónustu & Gæslu 70%. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og jákvætt hugarfar. Hreint Sakarvottorð er skilyrði. Lágmarks aldur umsækjanda er 20 ár.
Umsóknir eru á Skrifstofu Öryggisgæslunnar ehf. Auðbrekku 6, 200 Kópavogur. Ópið er frá kl.10-16 virka daga. Einnig er hægt að hringja í Síma 856-5031

Ísbar/Booztbar, Kringlunni.
Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf. Dagvinna á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálf dags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is

Ísbúðin Áfheimum
Óskar eftir að ráða starfsfólk í aukavinnu dag - kvöld- og helgarvaktir.
Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina.
Uppl. í s. 899 9495, Jónína.

Skalli Vesturlandsvegi
Starfsfólk óskast í fullt starf og aukavinnu.
Upplýsingar á staðnum.

Kvöld og helgarþjónar!
Kringlukráin óskar eftir að ráða kvöld og helgarþjóna og barþjóna, með einhverja reynslu.
Aðeins íslenskumalandi koma til greina.
ÁHUGASAMIR SENDI UMSÓKN Á: sophus@kringlukrain.is eða í s: 893 2323

Starfsfólk óskast
Fjöldi starfa í boði á vef Hendor. is. Skoðuðu hvað er í boði. WWW. HENDUR.IS

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

ATVINNA

VANTAR ÞIG MÁLARA?
Reyndir menn - klárir til vinnu!
Sverrir@Proventus.is
Hringdu núna S. 661-7000

LAUST STARF Í VESTURBÆJARLAUG Sundlaugarvörður

Óskum eftir að ráða sundlaugarvörð í Vesturbæjarlaug. Um er að ræða 96% starf í vaktavinnu. Nánari upplýsingar veitir Guðrún Arna Gylfadóttir forstöðumaður í síma 695-5055 netfang: gudrun.arna@reykjavik.is. Einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu ÍTR, www.itr.is. Umsóknarfrestur er til 16. mars 2008.

Hæfniskröfur:
Umsækjendur þurfa að standast hæfnispróf sbr. öryggisreglugerð fyrir sundstaði. Umsækjendur verða að eiga gott með að umgangast fólk og hafa góða þjónustulund.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

MÁLÞING

Málþing Handarinnar
Þriðjudaginn 4. mars kl. 20.30, Áskirkju neðri sal.
Hvað er kvíði ?
Örsök, einkenni, úrræði.
Frummælandi er Brjánn Á. Bjarnason sérfræðingur í geðlækningum.
Bryndís Edda Eðvarðsdóttir viðskiptafræðingur fjallar um eigin reynslu af kvíða.
Fundarstjóri, Edda Jóhannsdóttir blaðamaður.
Allir velkomnir, Kaffi og umræður.

Starfskraftur óskast.
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

Starfskraftur óskast.
Gúmmisteypa Páll Lárússon ehf. Gylfahlöt 3. Uppl. í s. 567 4467.

Dagvinna - Kvöldvinna
Okkur vantar gott fólk í símasölu kl. 9-17 virka daga eða 2-5 kvöld vikunnar frá 18-22 Góð laun í boði fyrir gott fólk. Ef þú ert 30+ þá ert þú rétta manneskjan fyrir okkur. Uppl. dagvinna 869-0291 milli kl. 9-17 Uppl. kvöldvinna 699-0005 milli kl. 12-22

Hársnyrtsveinn/ hársnyrtinemi

Óskast í afleysingar á Hárkúnst í kringum páska og í sumar. Vinnutími eftir samkomulagi. Uppl. í s. 551 3314 & 861 2981.

Atvinna óskast

Vantar þig Smíði, múrara eða járnbindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannafélagsusta s. 661 7000.

Vantar starfsfólk?
Skilvirkar og hagkvæmar ráðningar á netinu. WWW.HENDUR.IS

Starfsfólk frá Lettlandi: smíðir, verkamenn, meiraprófsbilstjórar, vélamenn o.fl. S. 8457158

Sjálfstætt starfandi trésmíður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413.

Tjáðu þig!

50MB frítt myndasvæði!
Búðu til myndaalbúm á síðunni þinni!



Viltu sýn'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg

Ný útlit í viku hverri!
Búðu til eigið útlit eða veldu tilbúið!



Viltu breyt'eikkurru?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Viltu láta dekra við þig í austurlensku umhverfi þar sem óspillt náttúran er á næsta leiti?
Þá er þetta rétti tíminn!



Snyrtistofan Dong Fang, Hótel Loftleiðum býður dekur fyrir konuna:

15% afsláttur af öllum andlitsmeðferðum, vaxmeðferðum, litun og plokkun, frá 1. mars - 1. apríl

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

東方
DONG FANG
SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

IH
ICELANDAIRHOTELS
LOFTLEIÐIR

➤
VÍSIR.IS

“...ég sá það á vísi”



VIÐ ELSKUM AÐ SPILA UPPÁHALDS TÓNLISTINA ÞÍNA

*BJARNI ARASON OG RAGNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR
– ALLA VIRKA DAGA*

www.lettbylgjan.is

**LÉTT
BYLGJAN**
.....967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

Nytsemi – hvað er það?

UMRÆÐAN

Nytsemi

Nytsemi er þýðing á enska orðinu Usability og vísar til þess að notendur eiga ekki að aðlagast ákveðinni tækni eða verkfærum, heldur skal móta tækni og verkfæri með þarfir notandans í huga.

Nytsemi felur í sér að notendur eiga auðvelt með að nota hluti. Nytsemi er því það sama og notendavæni. Flestir tengja nytsemi við vefsíður, tölvuforrit og þess háttar en nytsemi á í raun við alla hluti, t.d. hamar, hnífapör eða sjónvarpsfjarstýringu. Ekki er sjálfgefið að allir viti hvernig eigi að nota slíka hluti og því þarf hönnun þeirra að vera einföld þannig að allir geti notað hlutina.

En hvað er þá notendavænn vefur?

Notendavænn vefur er þannig að notendur finni þær upplýsingar sem þar eru settar fram með hjálp leiðarkerfis, leitarvirkni og annarra leiða í boði. Kostir þess að huga að notendavæni eru margvíslegir.

Til dæmis eykur það þjónustu við notendur og viðskiptavinum. Hægt er að fullyrða að þau fyrirtæki og stofnanir sem hafa aðgengilegan og notendavænan vef, standi betur samkeppnislega en þau fyrirtæki sem ekki hafa slíkan vef.

Annar kostur þess að hafa notendavænan vef er að slíkur vefur gefur meira af sér en vefur sem er ekki notendavænn. Það er lítil tilgangur að bjóða upp á vefsíðu ef enginn skilur

hana eða getur nýtt sér efni hennar. Slíkt er tapað fé og getur skapad neikvæða umfjöllun.

Hvernig geta fyrirtæki og stofnanir athugað hvort vefur þeirra sé notendavænn?

Hægt er að leita til ráðgjafa sem eru sérfræðingar í nytsemismælingum og láta þá fara yfir vefinn og meta hann. Hægt er að

styðjast við tékklista sem eru gefnir út til að meta vefi. Þeir eru viðmið eða leiðbeiningar um innihald og útlit vefja. En það sem er mikilvægast af öllu og skilar bestu niðurstöðu er að prófa vefinn með notendum (usability testing). Með slíkum prófunum er hægt að finna út þarfir og væntingar notenda vefjarins. Hægt að prófa hvernig vefurinn er, sama á hvaða stigi vefsíðan er, hvort sem það eru hugmyndir, skissur, drög að vef eða tilbúna vefsíður. Þær niðurstöður sem prófunin gefur, eru svo notaðar til þess að bæta vefinn.

Hvers vegna notendaprófanir?

Notendaprófanir eru árangursrík aðferð til að sjá hvað það er í viðmótinu sem þarfnast lagfæringa. Notendur sjá vefinn út frá öðru sjónarhorni en þeir sem vinna dags daglega með vefinn. Því er mikilvægt að fá almenna notendur vefjarins til að prófa hvernig þeim gengur að finna þær upplýsingar sem eru í boði eða nýta þá virkni sem á vefnum er. Það hefur sýnt sig að oft er upplifun notenda allt önnur en gert var ráð fyrir í upphafi. Slíka upplifun er ekki hægt að mæla með spurningalistum heldur er mikilvægt að fylgjast með not-

endum. Raunin er sú að mannaskjan á það til að segja eitt og gera annað í raun. Oft á tíðum vantar jafnvel töluvert upp á að skilningur notenda sé með þeim hætti sem hönnuðir og aðstandendur vefjarins lögðu upp með. Því er besta leiðin til að sjá hvað þarf að lagfæra á vefnum að prófa hann með notendum.

Hér fyrir neðan eru nokkrar spurningar sem aðstandendur vefja ættu að spyrja sig:

Er vefurinn uppbyggður eftir þörfum notenda?

Hefur vefurinn verið prófaður með alvöru notendum?

Hafa notendur fengið tækifæri til að tjá sig um hvað má betur fara á vefnum?

Gefur forsíðan skýrt til kynna hvað fyrirtækið/starfsemin snýst um?

Eru markmið vefjarins skýr?

Er skýrt hvar notendur eiga að fylla inn mikilvægar umsóknir?

Er vefurinn settur upp með leitarvélum í huga og finnst hann í leitarvélum?

Er vefurinn þinn aðgengilegur öllum notendum? Líka fótluðum eða hópum með sérþarfir?

Ef svörin við þessum spurningum er Nei eða Ekki viss, þá er líklegt að vefurinn þinn standi ekki væntingar notenda og skili ekki þeim árangri sem hann gæti verið að skila. Því er mikilvægt að gera eitthvað í málunum strax í dag.

Ef svörin eru flest Já, ætti vefurinn þinn að vera hannaður með þarfir notenda í huga. Til að ganga úr skugga um að það sé rétt, er upplagt að prófa vefinn með notendum.

Höfundur er sérfræðingur í notendaprófunum og vinnur hjá Sjá ehf.

Óviðunandi lausn

UMRÆÐAN

Gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrabrautar

Í umræðunni um framkvæmdir

mislægra gatnamóta við Miklubraut og Kringlumýrabraut

hefur mér fundist umræðan einkennast af sjónarmiðinu „við“ gegn „hinum“.

Málið er hugsað út frá hagsmunum íbúa svæðisins annars vegar og „allra hinna“ hins vegar. Hagsmunir hópanna eru settir fram sem andstæður.

Þessa hugsun tel ég ekki eiga rétt á sér. Það er ekkert sem segir að þeir einu sem þurfi að berjast gegn fyrirhuguðu skipulagsslysi séu íbúar svæðisins. Ég verð þó að viðurkenna að sú staðreynd að átta mánaða gömul dóttir mín sefur úti á svölum nokkur hundruð metra frá þessum stað gerir mig staðfastari í baráttu minni gegn þessari „lausn“. Við þurfum að hugsa um sameiginlega hagsmuni allra borgarbúa, sem hljóta að snúast um að draga úr notkun einkabilsins og greiða fyrir öðrum samgöngum, s.s. strætisvögnum, hjólréidum og gangandi vegfarendum. Við getum ekki bara „leyst“ vandann með því að greiða fyrir umferð einkabíla.

Þó svo að flestir sem ferðast um þetta hverfi séu á leið í og úr vinnu býr einnig fólk í námunda við gatnamótin. Í Háaleitis- hverfi og Hlíðum eru mörg fjölbýlishús og í þeim búa margar barnafjölskyldur. Í námunda við þetta fyrirhugaða umhverfis-



ELÍN SIGURÐARDÓTTIR

slys eru leik- og grunnskólar auk frístunda- og íþróttamannvirkja. Með framgöngu sinni í þessu máli hefur nýr meirihluti í borginni sent þau skilaboð að við sem hér búum skiptum engu máli og að heilsa okkar sé fórnarkostnaður fyrir greiðari

umferð í um tvo klukkutíma á dag.

Það er algjörlega óviðunandi að slíkum „lausnum“ sem mislæg gatnamót eru, sé kastað fram án nokkurs samráðs við íbúa í hverfinu og borgarbúa almennt. Við hljótum öll að vilja búa í betri borg, ekki bara við sem búum við umferðargötur. Það þarf að líta á alla borgina sem eina heild og öll berum við ábyrgð á að hér skapist umhverfi sem ekki er skaðlegt þeim sem þar búa.

Ég neita að trúa því að íbúar í öðrum hverfum séu tilbúnir að láta eigin hagsmuni bitna á heilsufari saklausra barna og annarra íbúa í nágrenni mismislaðra gatnamóta. Við hljótum að bera þá virðingu og umhyggju fyrir hvert öðru að láta svona vinnubrögð ekki líðast! Á sama tíma og ég biðla til borgarbúa og íbúa í nágrannasveitarfélögum að ihuga stöðu íbúa hverfisins vil ég skora á borgaryfirvöld að mæta íbúum á opnum borgarafundi til þess að ræða þessi mál á lýðræðislegan hátt. Saman hljótum við að geta fundið farsæla lausn á umferðarvandannum.

Höfundur er íbúi í Álftamýri.

Veldu Ford Transit

Kynntu þér sértæka þjónustu Atvinnubíla Ford hjá Brimborg



Nýtt ták um gæði



„Standard“ heitur alla morgna

Stiltu klukkuna að kvöldi og þú byrjar daginn heitur að morgni. Tímastíllanleg olíumiðstöð er staðalbúnaður í Transit sendibílum frá Ford - sérstaklega fyrir íslenskar aðstæður. Komdu í Brimborg.

Kynntu þér nýtt stöðugleikastýrikerfi Ford Transit sem er staðalbúnaður.



Reyndu nýju vélina í Transit. 2,2 l dísil Duratorq TDCi.



Kannaðu aðstæður. Vinnuaðstöðunni hefur verið breytt til hins betra í nýjum Transit.

Nýtt útlit. Nýtt innlit. Ný vél. Nýtt stöðugleikastýrikerfi. Komdu. Skoðuðu nýjan Ford Transit. Vertu í hópi þeirra bestu. Komdu í Brimborg. Veldu Ford Transit í dag. Verð frá 2.313.245 kr. án vsk*.

Kynntu þér sértæka þjónustu Atvinnubíla Ford hjá Brimborg



Öruggur staður til að vera á

JÓN ÞORLÁKSSON FORSÆTIS-
RÁÐHERRA FÆDDIST ÞENNAN
DAG ÁRIÐ 1877.

„Sá sem vill leita eftir efna-
legri velgengni fyrir sjálfan
sig verður að leitast við að
fullnægja sem best þörfum
annarra.“

Jón var landsverkfræðingur,
kaupmaður í Reykjavík, fyrsti
formaður íhaldsflokksins og
líka Sjálfstæðisflokksins, fjár-
málaráðgjafi, forsætisráð-
gjafi og borgarstjóri í Reykja-
vík. Hann lést 20. mars 1935.



PETTA GERÐIST 3. MARS 1984

Atómstöðin frumsýnd

Íslenska kvikmyndin Atómstöðin var frumsýnd þennan dag árið 1984. Hún er byggð á samnefndri skáldsögu Halldórs Kiljans Laxness og fjallar um líf ungu sveitastúlunnar Uglu sem kemur til borgarinnar og ræðst sem þjónustustúlka til Búa Árlands og hans borgaralegu fjölskyldu. Með hlutverk Uglu í myndinni fer Tinna Gunnlaugsdóttir og Búa Árland leikur Arnar Jónsson.

Myndin var framleidd af Kvikmyndafélaginu Óðni og Þorsteinn Jónsson var leikstjóri hennar. Þetta var dýrasta kvikmynd sem Íslendingar



höfðu gert til þessa, kostaði fjórtán milljónir króna. Hún var fyrsta myndin sem Íslendingar stóðu algerlega einir að eftir bókum Laxness.

Nóbelskaldidíð var ánægt með myndina og sagði fólkidíð sem að henni stóð vera feikilega flinkt. Hins vegar sagði hann bókina bara ekki nógu góða hjá sér enda hefði hann rubbað henni af á svipstundu. „En sagan höfðaði líklega til fólks á sínum tíma. Þetta var í þann tíð þegar sveitin var að segja guðdæ og flytja til Reykjavíkur á einu bretti,“ sagði hann í blaðaviðtali.

MERKISATBURÐIR

- 1801 Thomas Jefferson er fyrsti forseti Bandaríkjanna sem sver embættiseið í Washington.
- 1861 Abraham Lincoln tekur við embætti forseta Bandaríkjanna.
- 1933 Franklin D. Roosevelt byrjar fyrsta kjörtímabil sitt sem forseti Bandaríkjanna.
- 1938 Olía finnst í Sádi-Arabíu.
- 1955 Elvis Presley kemur fram í sjónvarpi í fyrsta sinn.
- 1986 Ástralía fær fullt sjálfstæði frá Bretlandi.
- 1991 Lögreglumenn í Los Angeles berjast blökkumanninn Rodney King vegna hraðaksturs. Atburðurinn verður kveikja að mestu óeirðum í sögu borgarinnar.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, er fimmtíu og sjö ára í dag.



Ragna Sara Jónsdóttir fjölmiðlakona er þrjátíu og fimm ára í dag.



Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður er fimmtíu og fimm ára í dag.



Atli Eðvaldsson knattspyrnuþjálfari er fimmtíu og eins árs í dag.



Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson tónlistarmaður er fjórutíu og tveggja ára í dag.



Ólafur Darri Ólafsson leikari er þrjátíu og fimm ára í dag.

ALPJÓÐAHÚS Á NORÐURLANDI: ÖFLUG STARFSEMI TRYGGÐ TIL ÞRIGGJA ÁRA

Er í miðju alheimsins og fær framandi menningu í æð

Samningur var undirritaður nýlega um þriggja ára þjónustu milli Alþjóðahúss á Norðurlandi og Akureyrarbæjar. Anna Guðný Guðmundsdóttir er verkefnastjóri hússins og hún var ásamt fólki af átta mismunandi þjóðerni að setja salinn í stand fyrir undirritunarathöfnina þegar í hana náðist. Alþjóðahúsið er í Rósenborg að Skólastíg 2. Þar hefur Anna Guðný unnið sem eini starfsmaður Alþjóðastofu sem rekin hefur verið af Akureyrarbæ frá 2004. „Nú er bærinn að gera þjónustusamning við Alþjóðahúsið syðra, við erum að fá styrki frá nokkrum aðilum og vonumst eftir auknu samstarfi við önnur sveitarfélög hér í kring. Við munum halda áfram á sömu nótum og áður en stækka og eflast eftir þessar breytingar,“ segir Anna Guðný ánægð og upplýsir að strax í apríl verði ráðinn pólskur starfsmaður og eflaust muni fleiri bætast við.

Anna Guðný er Akureyringur í húð og hár og það má greina á mæli hennar. Hún kveðst þó víða búin að vera og meðal annars hafa kynnt sér menningu annarra landa. Hún segir fjölmenningsarsamfélag vissulega vera á Norðurlandi og bendir á að við Héðinsfjarðargöngin séu nánast eingöngu Tékkar að vinna. Einnig sé fólk af erlendu bergi brotið víða í iðnaði, fiskvinnslu og slipp svo nokkuð sé nefnt. Hins vegar séu umönnunarstéttir nánast eingöngu skipaðar Íslendingum og leikskólarnir líka. En í hverju er starf hennar sjálfrar einkum fólgið? „Ég veiti innflytjendum upplýsingar um samfélagið hér fyrir norðan og í heild. Í borginni hefur fólk aðgang að Útlendingastofnun og Vinnuálastofnun en úti á landi þarf fólk að vera í fjarsambandi og það getur verið erfið þegar tungumálin vefjast fyrir.“ Spurð hvort fólk standi í réttindabaráttu í gegnum skrifstofuna hjá henni svarar hún: „Já, það er alltaf eitthvað um það. Ég er í mjög góðu sambandi við öll stéttarfélögin hér í kring og verkalýðshreyfinguna og nú getum við líka farið að njóta beinnar þjónustu lögfræðingsins í



ANNA GUÐNÝ, VERKEFNASTJÓRI ALPJÓÐAHÚSS NORÐURLANDS „Þótt fólk komi bara til að leita ráða um hvernig það eigi að fylla út skattframtalið eða sækja um heimilislækni þá er hér svo mikið félagslíf sem hægt er að tengjast beint, strax í fyrstu heimsókn.“

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.JS

Alþjóðahúsinu syðra.“ Hún segir ákvæði í þjónustusamningnum um þjóðahátíðir og menningarviðburði á vegum hússins og kveðst hlakka til að skipuleggja viðburði og verkefni og tengja saman fólk af ólíkum uppruna. Skemmtilegast við starfið segir Anna Guðný vera fjölbreytnina. „Það er alltaf eitthvað nýtt að gerast, ég kynnist mörgu fólki og fæ meira af ólíkri menningu í æð en flestir.“

Alþjóðahús Norðurlands er vel í sveit sett því Rósenborg gegnir fjölbreyttu hlutverki. Þar er til dæmis Húsið, menningarmiðstöð ungs fólks, með líflega starfsemi, líkt og Hitt húsið í Reykjavík og á kvöldin er

þar námskeiðahald í tengslum við Punktinn, handverksmiðstöð. „Hingað kemur fólk til að sauma og smíða, setja rennilás í buxur, fara á mósaiknámskeið og bara nefndu það,“ lýsir Anna Guðný. „Hér eru líka félagsmiðstöðvar bæjarins, forvarnarfulltrúinn og jafnréttisfulltrúinn. Húsið iðar af lífi frá morgni til kvelds og ég er því í miðju alheimsins. Samlegðar-áhrifin af starfsemi eru líka mikil. Þó svo fólk komi bara til að leita ráða um hvernig það eigi að fylla út skattframtalið eða sækja um heimilislækni þá er hér svo mikið félagslíf sem hægt er að tengjast beint, strax í fyrstu heimsókn.“

gun@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Polly Sæmundsdóttir,
frá Siglufirði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi 24. febrúar síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Hjallakirkju í Kópavogi, fimnudaginn 6. mars kl. 13.00.

Eygló Guðjónsdóttir, Kristinn Guðjónsson, Valgarður Guðjónsson, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir og afi,

Ellert Eggertsson
Hraunbæ 90

verður jarðsunninn frá Árbæjarkirkju í dag, 3. mars kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Elin Halla Þórhallsdóttir
Rebekka Rós Ellertsdóttir
Eggert Ellertsson
Andri Þór Ellertsson
Sigríður Elisabet Sæmundsdóttir
Sæmundur Eggertsson
Eyþór Eggertsson
og afabörn.

Páll Jónsson

Anna Lilja Marteinsdóttir

Ingvaldur Ólöf
Björgvinsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Freygerður Guðrún Bergsdóttir
Austurbyggð 17, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð laugardaginn 23. febrúar. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju þriðjudaginn 4. mars kl. 14.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á líknarstofnanir.

Sigrún Finnsdóttir
Guðmundur Finnsón
Bergur Finnsón
og fjölskyldur.

Daniel Þórðarson
Greta Stefánsdóttir
Sumarrós Ragnarsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Elías Guðbjartsson
sjómaður, Hrafnistu Reykjavík,
áður til heimilis að Klapparstíg 11,
Reykjavík,

verður jarðsunninn frá Áskirkju í Reykjavík þriðjudaginn 4. mars kl. 15.00.

Viðar Eliasson
Hilmar Eliasson
Svanur Elí Eliasson
Selma Björk Eliasdóttir
Halldór Guðbjartur Eliasson
Barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún Halldórsdóttir
Linda B. Gunnarsdóttir

Sesselja Guðbjörg
Ragnarsdóttir



VIÐ RÆKTUM

– silfur, gull og platinum

ENIGI MENIGA

– þú færð peninga!

Allir sem eru ekki enn komnir með kort frá MasterCard fá **15.000 kr. ferðaávisun**. Við erum í ræktinni.

Vertu með.

Vertu með.

Þú þarft ekki að vera viðskiptavinur til að fá þér kortið. Allir eru velkomnir. Tilboð gildir til **31. mars**.

Byggðu upp fjárhagslega hreysti þitt með kreditkort frá Byr: silfur-, gull- eða platinum.

Þú notar kreditkort frá Byr og myndar veltutengda inneign sem getur greitt árgjaldið niður í allt að 0 kr. Kynntu þér frábærar ferðatryggingar kortanna. Við ræktum sambandið og sendum þér SMS þegar þú hefur nýtt úttektarheimildina um 90 prósent. **Sniðugt!**

Komdu í ræktina með Byr. Njóttu þess að vera við góða fjárhagslega heilsu. Fáðu að vita allt um kreditkortin frá Byr: silfur-, gull- og platinum. Frítt árgjald fyrsta árið. **Hringdu. Komdu. Eða farðu á byr.is.**

ATH! Útlán eru háð lánareglum Byrs sparisjóðs.



Byrjaðu á byr.is – kannaðu fjárhagslega heilsu þína núna. Komdu með í ræktina.

BYR

SPARISJÓÐUR

Sími 575 4000 • byr.is

LÓKAL

Alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík

5.- 9. marz

Tryggðu þér miða
á www.midi.is
Takmarkaður sýningafjöldi



Þátttakendur:

New York City Players

Vivarium Studio

Erna Ómarsdóttir og Lieven Dousselare

Nature Theatre of Oklahoma

Þjóðleikhúsið

Draumasmíðjan

Sokkabandið

GLITNIR

ICELANDAIR

Fjárlaganefnd
Alþingis

Reykjavíkurborg

MEINTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Dagskrá og nánari
upplýsingar á

www.lokal.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Að geta allt eða eitthvað eitt

VIÐÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR SYRGIR ENDALOK ENDURREISNARMANNINS



Nýverið bárust fréttir af því að ítalskir fræðimenn telji myndskreytingar í litlu skákþrautaveri frá sextánda öld vera eftir sjálfan Leonardo da Vinci. Ef satt reynist hefur verðmæti kversins, sem þótti nokkuð verðmætt fyrir, margfaldast á augnabliki sem er að sjálfsgöðu ánægjulegt fyrir eiganda þess. En það þarf vart að koma nokkrum á óvart sem þekkir til da Vinci og verka hans að hann hafi tekið að sér slíka myndskreytingu. Hann var myndlistarmaður og að auki afskaplega áhugasamur um leiki og kerfi. Því má telja líklegra en ekki að hann hafi haft nokkurn áhuga á skák.

Leonardo da Vinci er gjarnan talinn til sem frummynd endurreisnarmannsins. Þetta hugtak er stundum notað um þá sem eru fjölhæfir mjög og dreifa áhuga sínum yfir mörg ólík svið fremur en að einskorða sig við eitthvað eitt. Da Vinci var, sem kunnugt er, afar fær og skapandi myndlistarmaður, en jafnframt var hann uppfinningamaður, verkfræðingur, skáld, tónlistarmaður, stærðfræðingur, líffærafræðingur og arkitekt. Hann lét sér ekki duga að skara fram úr á einu sviði lífsins heldur lét hann eftir sér að rannsaka og gera tilraunir með hvað það sem vakti áhuga hans og það oftast með ágætum árangri.

Forvitni og nýjungagirni da Vinci er sannarlega aðáunarverð og

þekking hans var vissulega yfirgripsmikil. En hugmyndaauði hans fylgdi sá ókostur að hann hóf mörg verk án þess að klára þau og því liggja eftir hann ótal skissur að listaverkum og vísindauppgötvunum, en tiltölulega fátt fullklárað. Að auki segir sagan að hann hafi sofið lítið sem ekkert; hann fékk sér stuttan blund öðru hvoru og lét það duga. Slíkt líf þætti fáum eftirsóknarvert í dag.

Enn finnast endurreisnarmenn hér og þar, en ekki er víst að þeir kunni við sig í nútímanum. Sérhæfing er orð dagsins, enda þarf að skara fram úr til að ná árangri í samkeppnisumhverfi atvinnulífsins. Hvar gæti Leonardo da Vinci fengið vinnu í dag?

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Lakk og leður hjá Givenchy

Ekki tengja allir nafnið Givenchy við leðurklædda töffara. Sýning hönnuðarins Riccardo Tisci í París í vikunni, undir merkjum tískuhússins, samanstóð þó helst af töffaraskap í hinum ýmsu birtingarmyndum, við góðar undirtektir áhorfenda.



TISCI KOMINN Á KORTIÐ

Tisci kvaðst hafa sótt innblástur sinn til Suður-Ameríku, en áhrif nautabananna sáust helst í blúnduskyrtum undir vel sniðnum jökkum, og skreytingum á fötum. Helst sveif andi leðurtöffara og goth-stemming yfir vötnum og hafa nokkrir tískuskribentar lýst því yfir að með sýningunni hafi Tisci endanlega stimplað sig inn sem einn af heitustu hönnuðum dagsins í dag.

Spánverjar ætla að bjarga Eurovision

Spánverjar eru brattir í ár og eru með átakið Salvemos Eurovisión, Björgum Eurovision. Aldrei áður hefur lýðræðið verið jafn ráðandi í vali á Eurovision-lagi því almúginn gat valið á milli 530 spánskra laga á sérstakri síðu á Myspace. Nú hafa tíu lög verið valin til að taka þátt í lokavalinu sem fer fram í sjónvarpi 8. mars. Þar keppa fimm vinsælustu löginn sem fólk valdi úr Myspace-hrúgunni auk fimm laga sem dómnefnd valdi úr sömu hrúgu. Löginn tíu eru gríðarlega fjölbreytt; tyggjópopp, latín, þungarokk, err og bé og indí rokk, svo eitthvað sé nefnt.



EINN AF ÞEIM TÍU SEM ERU Í ÚRSLITUM Flipparinn Rodolfo Chikilicuatre.

Líklega er stórkaralegt átak Spánverja aðallega gert fyrir þá sjálfa, því þeir hafa ekki riðið feitu nauti frá síðustu keppnum, höfðu meðal þriggja neðstu í þremur síðustu keppnum. Spánn er eitt af „stóru löndunum fjórum“ sem fer alltaf sjálfkrafa beinustu leið í úrslitabáttinn.

EUROVISION 82 DAGAR TIL STEFNU

ÁST Í samstarfi við Vesturport

27. febrúar
28. febrúar
2. mars

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



BAKSVÍÐS Púrsaflokkurinn á tónleikum um í Laugardalshöll um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vinsælir Þursar

Nýr safnkassi með heildarútgáfu Þursaflokksins hefur selst í eitt þúsund eintökum og er uppseldur hjá útgefanda. Annað upplag er væntanlegt fljótlega. Kassinn hefur fengið frábæra dóma í fjölmiðlum að undanförunni auk þess sem endurkomutónleikar Þursanna í Laugardalshöll sl. laugardag þóttu gríðarlega vel heppnaðir. Kassinn inniheldur plöturnar Hinn íslenski Þursaflokkur, Þursabít, Á hljótleikum. Gæti eins verið... og Ókomin forneskjan, auk fleiri sjaldgæfra hljóðritana.


Föndurstofan.is

Föndurverslun

Námskeið

Síðumúli 15
S: 553-1800

Sjón er sögu ríkari



Til hamingju með afmælið 4. mars!

Við þökkum öllum velunnurum, listafólki, samstarfsaðilum og starfsfólki fyrir gjöfult og skapandi samstarf í aldarfjórðung. Í tilefni 25 ára afmælisins bjóðum við ykkur öll velkomin á opnun sýninga þriðjudaginn 4. mars kl. 20-22.

Stefnumót við safnara III

Hljómfagurt stefnumót tónlistarfólks og hljóðfærasafnara og

Sjö landa sýn

María Loftsdóttir, alþýðulistakona, sýnir vatnslitastemningar frá ferðalögum sínum um Argentínu, Bólvívu, Brasilíu, Ísland, Japan, Perú og Skotland.

Boðið verður upp á léttar veitingar, tónlistarupptökur og notalega stemningu að hætti hússins!

Gerðuberg 25 ára ...safnar reynslu!



SAMbio.is SAMBÍÖN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

ÞAD ELSKA ALLIR JUNO!
Frábær gamanmynd sem fallar um erfðeflökana sem lengst því að voxa úr gras.

JUNO
EIN AF FIMM BESTU MYNDUM ÞESSA ÁRS

OFURHLUNDURINN ER BESTI VINLIR MANNSSINS
SYND MEÐ ÍSLENSKU-TALI

DARK FLOORS
Er einhver rosalegasta spennuhrollveikja seinni ára.

SELFOSS			
DARK FLOORS	kl. 6 - 8 - 10-10	14	
UNDRAHUNDURINN ISL. TAL	kl. 6	L	
NO COUNTRY FOR OLD MEN	kl. 6 - 8 - 10-30	16	
THERE WILL BE BLOOD	kl. 8:30 - 10-10	16	
THERE WILL BE BLOOD	kl. 7 - 10-10	VIP	
STEP UP 2	kl. 5:50 - 8 - 10-10	7	
DEATH AT A FUNERAL	kl. 6	7	
P.S. I LOVE YOU	kl. 8	L	

AKUREYRI			
JUNO	kl. 6 - 8 - 10	7	
UNDRAHUNDURINN ISL. TAL	kl. 6	L	
STEP UP 2	kl. 8 - 10	7	

KEFLAVÍK			
NO COUNTRY FOR...	kl. 8 - 10-10	16	
STEP UP 2: THE STREETS	kl. 8	7	
P.S. I LOVE YOU	kl. 10-10	L	

ÓSKARSMYNDIRNAR ERU Í SAMBÍÖNUM
nánari upplýsingar um ÓSKARSMYNDIRNAR má finna á www.SAMbio.is

Blindrabókasafn ósátt við JPV

Blindrabókasafn Íslands hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem það segist ekki hafa bent bókaforlaginu JPV á að nota sinn launataxta sem viðmið til að borga leikurum fyrir lestur á nýrri hljóðbók með Nýja testamentinu.

„Blindrabókasafn Íslands hefur launað lesara á sínum snærum og greiðir þeim samkvæmt texta sem ríkisrekið bókasafn ræður við. Rétt er að taka fram að safnið gerir engar kröfur um leikaramenntun lesara og taxtar þess hafa ekkert með önnur fyrirtæki að gera. Það er því alrangt að forsvarsmenn safnsins bendi fyrirtækjum á almennum markaði á sína taxa til viðmiðunar enda um algerlega ótengda og ósambærilega hluti að ræða,“ segir meðal annars í yfirlýsingunni.

Í Fréttablaðinu á fimmtudag



ÞÓRA SIGRÍÐUR INGÓLFSSDÓTTIR
Þóra Sigríður segir að Blindrabókasafn Íslands hafi engan fjárhagslegan ávinning af innlestri Biblíunnar.

hvatti Félag íslenskra leikara félagsmenn sína til að taka ekki þátt í að lesa inn á hljóðbókina vegna þess að því þótti launin, 5.000 krónur á tímann, allt of lág. Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri JPV, sagði að fyrirtækið hefði eingöngu notast við launataxta sem Blindrabókasafnið hefði bent því á, enda störfuðu forlagið og bókasafnið saman að útgáfunni.

Að sögn Þóru Sigríðar Ingólfssdóttur hjá Blindrabókasafninu snýst samstarfið eingöngu um að bókasafnið leyfir forlaginu að taka hljóðbókina upp á safninu. Safnið hafi aftur á móti engan fjárhagslegan ávinning af innlestri Biblíunnar. Egill Örn vildi ekkert tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband við hann.

Bætt fyrir mistökin

Tveir ungir vinir í Afganistan á áttunda áratugnum missa sambandið vegna hörmulegs atburðar og innrásar Sovétríkjanna.

The Kite Runner, eða Flugdreka-hlauparinn, er líkt og þekkt er byggð á samnefndri, ástsælli metsölbók eftir Khaled Hosseini. Það er leikstjórinn Marc Forster sem tekur að sér kvikmyndunina en hann hefur heldur betur sannað sig með Monster's Ball, Finding Neverland og nú síðast Stranger Than Fiction, auk þess sem hann er næsti Bond-leikstjórinn. Handritið er í höndum David Benioff (Spike Lee-myndin The 25th Hour) og vert er að minnast að þótt myndin sé mest á ensku er talað nokkuð af staðarmáli í Afganistan, dari.

Flugdreka-hlauparinn fjallar á öflugan hátt um vinátubönd, heiður, eftirsjá og endurlausn. Myndin spannar yfir tvo áratugi og fjallar um hvernig ríkur strákur svíkur besta vin sinn og hvernig sektarkenndin nagar hann allt hans líf. Sögusviðið er Afganistan, fyrst sem góður staður, þá Bandaríkin og að lokum Afganistan sem nútílegur staður undir harðstjórn talibana.

Myndin hefur að geyma mörg erfið og tilfinningarík atriði, sem er vísir um hversu sterk saga hennar er. Helst er það hjartnæm byrjunin, átakanlegur aðskilnaðurinn og



spennandi endir sem standa upp úr; eitt besta atriði hennar er árekstur föðursins við hermenn Sovétmanna. Forster er mjög næmur leikstjóri og þetta er mjög mannúðleg mynd, sem er mikill vitnisburður fyrir mannsandann. Helsti galli hennar er kannski sá að endirinn hnýtir lausa enda aðeins of vel.

Það er einnig afbrigðis leikhópur sem prýðir myndina en margir eru óþekktir Afganar. Með eiginlega aðalhlutverkið fer Khalid Abdalla, sem sást hvað helst sem hryðjuverkamaður í United 93, en hér skilar hann góðu verki. En sennuni stela þeir Hamayoun Ershadi, sem

KVIKMYNDIR

Flugdreka-hlauparinn

The Kite Runner
Leikstjóri: Marc Forster. Aðalhlutverk: Khalid Abdalla, Hamayoun Ershadi, Aman Khan Mahmoodzada.

★★★★

Mynd sem hreyfir við manni.

túlkar föður hans á magnaðan hátt, og hinn ungi og öreyndi Ahmad Khan Mahmoodzada, sem á áhrifaríka frammistöðu sem Hassan.

Loftr Ingi Bjarnason - Topp5.is

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

The Kite Runner FLUGDREKAHLAUPARINN

20% afsláttur fyrir Vörufélaga

RAMBO

27 Dresses

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR			
FLUGDREKAHLAUPARINN	kl. 5.30, 8 og 10.30	12	L
27 DRESSES	kl. 5.50, 8 og 10.10	L	
RAMBO	kl. 6, 8 og 10	16	

NÝTT Í BÍÓ! **NÝTT Í BÍÓ!** **NÝTT Í BÍÓ!**

JACK BLACK MOE DEE

FLUGDREKAHLAUPARINN

BEYOND THE BORDER

Frábær gamanmynd frá leikstjóra Eternal Sunshine of the Spotless Mind með Jack Black í fantaformi!

27 Dresses

SPRON

JUMPER

FRÓLYK MEÐ ÖTRULEGA KRÆFTA SEM GETA BREYTT ÖLLU (KALLAST STÖKKVARAR)

toppur - drekktu betur

INTO THE WILD

ATONEMENT

FRÍÐÞÆING

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

450 kr. í bíó!

BEKIND REWIND	kl. 5:45 - 8 - 10:15		
BEKIND REWIND LUXUS	kl. 5:45 - 8 - 10:15		
27 DRESSES	kl. 5:30 - 8 - 10:30		
JUMPER	kl. 6 - 8 - 10-10	12	
BRÚÐGUMINN	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10-10	7	
ÁSTRÍÐUR Á OLYMPIULEKUNUM	kl. 3:40 ÍSLENSKT TAL		

HÁSHÓLA BÍÓ Sími 530 1919

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

THE KITE RUNNER	kl. 6-9	12	
THERE WILL BE BLOOD	kl. 5:50 - 9	16	
INTO THE WILD	kl. 5:20 - 10-10	7	
ATONEMENT	kl. 8 - 10-30	14	
BRÚÐGUMINN	kl. 5:50 - 8	7	

AUKAKRÖNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDANN MED KRÉDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM! AUKAKRÖNUR

Fm Belfast sér fram á góðæri

„Já, það má segja að heimsfræðin leggi okkur í einelti!“ segir Árni Vilhjálmsson í hljómsveitinni Fm Belfast í gríni við þeirri klassísku, en hallærislegu, spurningu, hvort hljómsveitin sé nú á barmi heimsfræðar.

Fm Belfast er kannski ekki á allra vörum, en hljómsveitin hefur samt unnið heimavinnuna sína og í ár er ýmislegt á döfinni. Sami lögfræðingur og sér um málin fyrir Sonic Youth les nú sanningsdrög sem sveitinni hefur borist frá fyrirtæki Rob Da Bank, Sunday Best Records. Rob þessi er einn framsæknaasti útvarpsmaðurinn á BBC og tók við kyndli ferskleikans þegar útvarpsgoðsögnin John Peel lést árið 2004.

„Platan er næstum því alveg tilbúin,“ segir Árni, „og ég giska á að hún komi út svona fjórum mánuðum eftir að við skrifuðum undir



FM BELFAST Gerir það gott erlendis um þessar mundir.

samninginn, hvenær sem það nú verður. Nei, ég veit ekki hvað platan mun heita, en næsta plata á eftir þessari mun kannski heita Florida!“

Hljómsveitin er þegar bókud á nokkrar tónlistarhátíðir í sumar. „Við vorum að spila á By:Larm festivalinu í Noregi um síðustu helgi og fengum mjög jákvæð viðbrögð þar. Það er búið að bóka

okkur á Insomnia-hátíðina í Tromsø og nokkrar aðrar hátíðir í Noregi í sumar og svo verðum við á Bestival og End of the Road festivalinum í Bretlandi.“

Þrátt fyrir uppganginn sér Árni ekki fram á að fara að lifa á tónlistinni í brád. „Mér sýnist viðskiptamódelið vera frekar erfitt eins og er. Þetta eru eintómir gallabuxnatúrar hjá okkur enn þá. Ég er solumaður hjá Viðskiptablaðinu og sé ekki fram á að segja upp 9 til 5 vinnunni.“

Fm Belfast spilar rafknúð, svalt og taktfast gáfumannapopp og er hugarfóstur Árna Rúnars Hlödverssonar og Lóu Hjálmtýsdóttur. Árni Vilhjálmsson bættist við fyrir þarsíðustu Airwaves-hátíð og Orvar í Múm hefur verið að sogast meira og meira inn í hljómsveitina upp á síðkastið. Fylgist með frá byrjun.

- glh

Í TJARNARBÍÓI UM HELGINA

MÁN
3 MARS
17:00 Yella
20:00 Mannaland
22:00 Yella



YELLA
eftir Christian Petzold er viðskiptatryllir af bestu gerð og hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda. Kvenhetjan Yella flýr óspennandi líf og brjálaðan eiginmann



Allar upplýsingar er að finna á WWW.FJALAKOTTUR.IS

FRÉTTIR AF FÓLKI



Vandræðagemlingurinn **Lindsay Lohan** segir að streita vegna mikillar vinnu hafi valdið því að hún leiddist út í vímuefnaneyslu og fór í framhaldinu í meðferð á síðasta ári. Hún segist einnig hafa notað vímuefnin til að komast í gegnum þann sársauka sem fylgdi því að hafa ekki föður sinn, Michael, hjá sér. „Það var mikið í gangi í lífi mínu og ég var að flýja frá því,“ sagði Lohan, sem ætlar að koma lífi sínu á réttan kjöl sem allra fyrst.

Leikkonan og mannvinnurinn **Angeline Jolie** hefur hvatt bandarísk stjórnvöld til að halda herliði sínu í Írak og auka við aðstoð sína til þeirra flóttamanna sem þar búa.


Jolie, sem er góðgerðarfulltrúi Sameinuðu þjóðanna, skrifaði nýverið grein í dagblaðið *The Washington Post* þar sem hún lýsir heimsókn sinni til landsins. „Heimsókn mín styrkti mig í þeirri trú að okkur



ber ekki bara siðferðisleg skylda til að hjálpa fjölskyldum í Írak heldur hefur vera okkar í landinu líka áhrif til langs tíma á öryggi þjóðar okkar,“ sagði hún.

Dregur úr hetjuskapnum með sögum af sjálfum sér

Útivistarmaðurinn **Páll Ásgeir Ásgeirsson**, sem landsmenn þekkja nú sem dómara í Gettu betur, ritstýrir tímaritinu *Útiveru*.



ALINN UPP Í AFSKEKKTRI SVEIT Páll Ásgeir með fyrsta hefti *Útiveru* í hans umsjón.

Fyrsta tölublað *Útiveru* í ritstjórn Páls Ásgeirs Ásgeirssonar er komið út. Tímaritið hefur komið út síðan árið 2002 og fjallar um ferðalög og útivist í sem víðustum skilningi. „Hugmyndin er að dekkja þetta allt frá saumaklúbbum í sunnudagsgöngu til ísklifurs af efstu gráðu,“ segir Páll, „og reyna bæði að skemmta og fræða.“

Páll hefur skrifað allmargar ferðabækur um Ísland, bæði fyrir göngu- og ökufólk. „Ég er alinn upp í mjög afskekktari sveit og við þær aðstæður myndar maður sterk tengsl við náttúruna sem slitna aldrei. Það er sanngjarnt að segja að ég sé búinn að liggja úti síðan 1987-88. Fyrsta leiðsögubókin mín kom út árið 1994, en það var reyndar ekki fyrsta bókin mín því ég skrifaði ævisögu Hallbjörns Hjartarsonar árið 1990.“

Páli er illa við að ljóstra upp um uppáhaldsstaðinn sinn á Íslandi. „Við skulum bara segja að allir staðir fjarri mannabyggðum séu mínir uppáhaldsstaðir. Upplifunin af náttúrunni er ekki bundin við þann stað sem þú ert á. Mér eru alltaf efstir í huga þeir staðir sem ég á eftir að koma á. Þeir halda fyrir mér vöku. Ég á til dæmis Þjórsárverin eftir, sem er verulega ámælisvert, en ég hyggst bæta fyrir það í sumar.“

Á forsíðu fyrsta heftis Páls Ásgeirs er fjallagarður með það karlmannlega nafn **Jósep Hólmjárn**. „Hann er þjóðsagnapersóna í lifanda lífi,“ segir ritstjórnin, „orðlagður fjallagarður og fararstjóri sem hefur oft komist í hann krappan. Fyrirsögnin „Dansað við dauðann“ stendur

fullilega fyrir sínu. Til að draga úr hetjuskapnum segi ég svo eigin reynslusögu af því þegar ég fór niður um vök í Sandkluftuvatni. Ég varð skíthræddur og eiginkonan, helmingi léttari en ég, þurfti að fiska mig upp.“

gunnarh@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Bandarísk yfirvöld rannsaka þessa dagana tvo lækna sem meðhöndluðu leikarann **Heath Ledger** áður en hann lést 22. janúar. Vilja þau skera úr um hvort þeir hafi brotið lög þegar þeir gáfu honum lyfin sem drógu hann til dauða. Ledger lést í íbúð í New York eftir að hafa tekið inn of stóran skammt af verkja-, kviða- og svefnlyfjum.



Leikarinn **Charlie Sheen** hefur hvatt bandaríska sjónvarpsáhorfendur til að sniðganga nýjan raunveruleikabátt fyrirverandi eiginkonu sinnar **Denise Richards**. Sheen er bálreiður yfir því að tvær ungar dætur þeirra, Sam og Lola, komi fram í þættinum. „Maður fer ekki í réttarsal til að koma í veg fyrir slíkt nema maður standi fyllilega á bak við það,“ sagði Sheen.



Pitt atkvæði skiptir máli

Taktu afstöðu!!!



Boðinn



Munið að atkvæðagreiðslu lýkur á hádegis 10. mars

> Aðstoðarþjálfari brátt tilkynntur

Guðmundur Guðmundsson, nýráðinn landsliðsþjálfari, vinnur nú hörðum höndum ásamt HSI að því að finna sér aðstoðarmann og nú mun leitinn vera langt komin. „Ég reikna með því að leitinni ljúki brátt og málið er í fullri vinnslu. Þetta gæti leggjð ljóst fyrir á þriðjudag eða miðvikudag og kannski fyrr,“ sagði Guðmundur í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann vildi þó vitanlega ekki tjá sig um hver eða hverjir væru í sigtínu fyrr en málið væri frágengið en Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari nýkrýndra bikarmeistarara Vals, hefur sterklega verið orðaður við stöðuna undanfarið.

sport
sport@frettabladid.is



HANDBOLTAKAPPINN RAGNAR ÓSKARSSON: FER Í AÐGERÐ Á HNÉ OG VERÐUR FRÁ Í MINNST SEX MÁNUÐI

Ætla mér að koma sterkari til baka eftir meiðslin

Ragnar Óskarsson verður ekkert meira með liði sínu, USAM Nimes, á þessu tímabili í frönsku úrvalsdeildinni í handbolta eftir að hafa orðið fyrir meiðslum. „Ég fékk slæmt högg á hnéð í leik í desember og í samráði við sjúkráþjálfara liðsins var sú ákvörðun tekin að ég myndi hvíla í sex vikur og reyna að jafna mig á þessu og jafnframt styrkja mig í hnénu. Ég var svo kominn á fullt aftur og var að vonast til þess að vera laus við meiðslin þegar þau tóku sig upp aftur um síðustu helgi í sigurleik gegn Sélestat,“ sagði Ragnar, sem ætlar að fara í aðgerð.

„Þetta fór eiginlega á versta veg þar sem hnéð heldur ekki lengur. Krossbandið er ekki slitíð en það hefur orðið fyrir nógu miklu hnaski til þess að það gerir ekki lengur sitt gagn. Ég er búinn að velta því mikið fyrir mér hvað ég eigi að gera í stöðunni og hef komist að þeirri niðurstöðu að það sé best fyrir mig að fara í aðgerð og ég mun fara í hana á næstu dögum. Með aðgerðinni get ég verið

viss um að þetta verði lagað almennilega, í stað þess að vera alltaf að vona að hnéð haldi og svo framvegis,“ sagði Ragnar, sem hefur áður lent í svipuðum meiðslum.

„Það er auðvitað mjög leiðinlegt að lenda í þessu. Ég sleit krossbandið í sama hné fyrir sex árum þannig að ég veit hvernig þetta ferli virkar og veit hvað maður þarf að gera, sem hjálpar mér örugglega. Það eru að minnsta kosti sex mánuðir sem krossbandið þarf til þess að jafna sig eftir aðgerðina og það er í raun engin töfralausn til í þessu dæmi,“ sagði Ragnar, sem lætur mótlætið ekki á sig fá.

„Ég ætla bara að nálgast þetta á jákvæðum nótum og nota tímann vel til að vinna í sjálfum mér bæði líkamlega og andlega og gera mig kláran fyrir næsta tímabil. Ég kem bara jafn sterkur eða enn sterkari til baka eftir meiðslin en ég á enn tvö ár eftir af samningi mínum við USAM Nimes og ætla mér að klára síðustu árin í boltanum á fullu,“ sagði Ragnar ákveðinn.



Eggert Gunnþór Jónsson: Batamerki eftir að Frail tók við

FÓTBOLTI Eggert Gunnþór Jónsson, 19 ára, hefur vakið mikla athygli fyrir frammistöðu sína með Hearts í skosku úrvalsdeildinni í fótbolta í vetur en í nýlegu viðtali hans við Edinburgh Evening News kvaðst hann einbeittur að ná betri árangri með liðinu.

„Þetta hefur verið frábært tímabil á persónulegum nótum, að fá loks tækifæri í byrjunarliðinu, en ég er enn að læra og þarf að leggja mikið á mig til þess að þróa leik minn áfram. Liðinu er því miður ekki búið að ganga sem best miðað við væntingar en það eru þó ákveðin batamerki á leik okkar eftir að Stephen Frail tók við starfi knattspyrnustjóra,“ sagði Eggert Gunnþór en Hearts er sem stendur í sjöunda sæti deildarinnar eftir 0-3 sigur gegn Inverness í fyrradag.



STÖÐUG Helena hefur jafnan verið með betri leikmönnum TCU í vetur.

TCU/KEITH ROBINSON

Háskólakörfuboltinn í USA:

Helena stiga-hæst í sigri

KÖRFUBOLTI Helena Sværisdóttir hélt uppteknum hætti og lék vel með liði sínu TCU í 87-57 sigurleik gegn UNLV í bandaríska háskólalöbottanum í fyrrinótt.

Helena skoraði 15 stig og hitti úr fimm af sjö skotum sínum undir körfunni og hitti úr fimm af sex vítaskotum og var stigahæst leikmanna TCU. Enn fremur tók Helena flest fráköst leikmanna TCU, eða sex, og átti þrjár stoðsendingar á þeim 25 mínútum sem hún spilaði.

Íslendingar á flugi í Meistaradeildinni

Íslendingaliðin GOG Svendborg frá Danmörku og Gummersbach frá Þýskalandi unnu sína leiki í Meistaradeild Evrópu í handbolta í gær. Bæði lið standa vel að vígi fyrir síðustu tvær umferðir riðlakeppninnar.

HANDBOLTI Nokkrir Íslendingar voru í eldlínunni þegar leikið var í Meistaradeild Evrópu í handbolta í gær. Snorri Steinn Guðjónsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson léku í sigurleik GOG Svendborg gegn Pick Szeged og Alfreð Gíslason og lærisevinnar hans Guðjón Valur Sigurðsson og Sverre Andreas Jakobsson gerðu góða ferð til Slóveníu og sigruðu þar RK Gorenje Velenje. Róbert Gunnarsson var hvíldur vegna veikinda.

Snorri Steinn, Ásgeir Örn og félagar þeirra í GOG Svendborg eru í fínri stöðu í 4. riðli Meistaradeildar Evrópu eftir 28-25 heimasigur danska liðsins gegn ungverska liðinu Pick Szeged í gær.

Snorri Steinn Guðjónsson var ágætlega sáttur þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gærkvöldi.

„Þetta var ágætur sigur en það þurfti svo sem ekki frábæra spilamennsku af okkar hálfu til þess að innbyrða sigur í leiknum. Við vorum þremur mörkum undir í hálfleik og náðum að bæta leik okkar nógu mikið í síðari hálfleik til þess að vinna leikinn,“ sagði Snorri Steinn, sem skoraði fjögur mörk í leiknum. GOG Svendborg er í öðru sæti riðilsins á eftir stór-



GUMMERSBACH Á ENN VON Alfreð Gíslason og lærisevinnar hans eiga enn von í Meistaradeild Evrópu eftir sigurinn í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY



EKKERT GEFIÐ EFTIR Landsliðsmaðurinn Ásgeir Örn Hallgrímsson stendur hér í ströngu í baráttunni með GOG Svendborg í leik í Meistaradeild Evrópu.

NORDIC PHOTOS/GETTY

liði Barcelona en bæði lið eru með sex stig á meðan Pick Szeged og slóvenska liðið Celje Lasko eru jöfn í 3.-4. sæti með tvö stig hvort þegar tveir leikir eru eftir í riðlinum. GOG Svendborg mætir Barcelona í úrslitaleik um toppsæti riðilsins og Snorri Steinn er spenntur yfir því.

Úrslitaleikur gegn Barcelona

„Það er gaman að fá svona stóran leik og við mætum bara fullir sjálfstrausts til Barcelona um næstu helgi eftir að hafa unnið fyrri leik liðanna í Danmörku. Við stefndum að því að vera í barátt-

unni við Barcelona um toppsætið og það er bara mjög jákvætt að það sé niðurstaðan þó svo að Barcelona sé vissulega sigurstranglegra,“ sagði Snorri Steinn.

Gummersbach eygir von

Íslendingaliðið Gummersbach er nú komið upp að hlið Montpellier í 2. riðli Meistaradeildarinnar eftir 21-29 sigur liðsins gegn slóvenska liðinu RK Gorenje Velenje í gær. Gummersbach og Montpellier eru með fjögur stig þegar tveir leikir eru eftir en Ciudad Real, lið Ólafs Stefánssonar, er á toppi riðilsins með sex stig.

Alfreð Gíslason var afar sáttur með leik sinna manna í gær.

„Þetta var virkilega góður leikur hjá okkur og ég var sérstaklega ánægður með vörnina þar sem Sverre Andreas átti góðan leik. Guðjón Valur var með fimm mörk og stóð sig einnig vel en Róbert var veikur og ég ákvað að hvíla hann fyrir leikinn gegn Montpellier á miðvikudag, sem er úrslitaleikur fyrir okkur. Það væri gaman að geta átt tölfræðilega möguleika á efsta sætinu í lokaleiknum gegn Ciudad Real,“ sagði Alfreð í viðtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

omar@frettabladid.is

Íslendingaliðið Reading náði loksins að vinna leik í ensku úrvalsdeildinni í fyrradag eftir átta tapleiki í röð:

Vonandi vendipunktur á tímabilinu

FÓTBOLTI Ívar Ingimarsson var í byrjunarliði Reading á ný á laugardag þegar liðið náði mikilvægum sigri gegn Middlesbrough með marki James Harper á lokasekúndunum á Riverside-leikvanginum. Brynjar Björn Gunnarsson var ekki í liði Reading vegna þrálátra meiðsla í nára sem hafa haldið honum lengi frá keppni.

Ívar, sem bar fyrirlíðabandið að nýju í leiknum, var afar sáttur í viðtali sem birtist á heimasíðu Sky Sports í gær.

„Þetta er vonandi vendipunktur hjá okkur á tímabilinu,“ sagði Ívar en Reading hafði tapað átta leikjum í röð í ensku úrvalsdeildinni þar á undan og hafði ekki unnið leik síðan liðið lagði Sunderland

að velli á Madejski-leikvanginum 22. desember síðastliðinn.

„Þegar átta leikir tapast í röð hefur það augljóslega áhrif á sjálfstraustið og ég er afar stoltur og ánægður með að við höfum nú náð að enda það slæma gengi,“ sagði Ívar, sem er bjartsýnn á framhaldið.

„Vonandi getum við byggt ofan á þennan leik og fengið fullt sjálfstraust fyrir næsta leik í deildinni, gegn Manchester City. Allir lögðu sitt af mörkum gegn Middlesbrough og þannig þarf það að vera út leiktímabilið,“ sagði Ívar. Reading er sem stendur í fallsæti en með jafn mörg stig og Íslendingaliðið Bolton, þar sem Grétar Rafn Steinsson og Heiðar Helgu-

son leika, sem er í sautjándu sæti.

„Þetta er erfið staða sem við erum komnir í og við gerum okkur alveg fyllilega grein fyrir því. Leikmenn Reading lögðu gríðarlega mikla vinnu á sig á sínum tíma til þess að geta loks spilað í bestu deild í heiminum, ensku úrvalsdeildinni, og við þurfum klárlega að leggja allt í söltur til þess að hanga uppi í ár,“ sagði Ívar raunsær í viðtali við Sky Sports í gær.

FYRIRLIÐINN Ívar Ingimarsson fór fyrir sínum mönnum á Riverside-leikvanginum í fyrradag og kvaðst bjartsýnn á framhaldið í viðtali við Sky Sports.

NORDIC PHOTOS/GETTY



Allar gerðir iðnaðarprentara og álímingarvéla.
Bleksprautuprentarar, límmiðaprentarar, miðaalímingavélar, filmuprentarar, kassaprentarar og laserprentarar.
Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir.



Vélmark ehf.
upplýsingar í síma: 445-9930.

Af hverju að borga of háa vexti?




TILBOÐS
VEXTIR!

17,20%



Tilboðslán

- Lægri greiðslubyrði
- Lægra lántökugjald
- Óverðtryggt lán



Dæmi um meðalgreiðslu á mánuði					
Fjöldi ára	200.000 kr.	400.000 kr.	600.000 kr.	1.000.000 kr.	2.000.000 kr.
1	19.340	38.123	56.906	94.472	184.120
2	10.521	20.651	30.781	51.042	101.694
3	7.581	14.827	22.073	36.566	72.796
4	6.111	11.915	17.719	29.327	58.347
5	5.229	10.168	15.107	24.984	49.678
6	4.641	9.003	13.365	22.089	43.898
7	4.221	8.171	12.121	20.021	39.770
8	3.906	7.547	11.188	18.470	36.674

Forsendur: 1,5% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 17,20% vextir - Kostnaður lánaður

Þú borgar 317.277 kr. minna með því að taka tilboðslán hjá S24

M.v. 2 milljón króna lán í 8 ár og 17,20% vexti hjá S24 og 21% vexti hjá öðrum bönkum og sparisjóðum þá borgarðu 3.305 kr. minna á mánuði með því að vera með lánið hjá S24, eða **39.660 kr. minna á ári og 317.277 kr. minna í heildina.**



*Miðað við vaxtatöflu S24 01.12.2007, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.
*M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
Tilboð þetta gildir til 31.03.2008.

Sæktu um... www.s24.is

ÚRSLITIN Í GÆR

Enska úrvalsdeildin

Bolton-Liverpool 1-3
0-1 Sjálfsmark (11.), 0-2 Ryan Babel (60.), 0-3 Fabio Aurelio (75.), 1-3 Tamir Cohen (79.).
Everton-Portsmouth 3-1
1-0 Yakubu (1.), 1-1 Jermain Defoe (38.), 2-1 Tim Cahill (73.), 3-1 Yakubu (81.).

Ítalska Serie A-deildin

Reggina-Palermo 0-0
Emil Hallfreðsson var á varamannabekk Reggina en kom ekkert við sögu í leiknum.
Juventus-Fiorentina 2-3
0-1 Massimo Gobbi (19.), 1-1 Mohamed Sissoko (29.), 2-1 Mauro Camoranesi (57.), 2-2 Ndiaye Papa Waigo (75.), 2-3 Pablo Osvaldo (90.).

Meistaradeildin í handbolta

RK Gorenje Velenje-Gummersbach 21-29
GOG Svendsborg-TGI Szeged 28-25



ERFITT Kevin Keegan hlær líklega ekki mikið þessa dagana, enda enn að biða eftir fyrsta sigrinum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Chris Mort, Newcastle:

Staða Keegans er 100% örugg

FÓTBOLTI Chris Mort, stjórnarformaður Newcastle, ítrekaði eftir enn eitt tap Newcastle í fyrradag að staða knattspyrnustjórans Kevin Keegan væri ekki í hættu. „Stjórn Newcastle styður 100% við bakið á Kevin Keegan og það efast enginn um að hann sé rétti maðurinn í starfið og muni ná árangri,“ sagði Mort í viðtali við útvarpsstöðina BBC Five.

Keegan hefur enn ekki unnið leik í ensku úrvalsdeildinni með Newcastle eftir að hafa tekið við stjórnartaumunum af Sam Allardyce í janúar og félagið er sem stendur þremur stigum frá fallsæti. - óþ

Baráttan um fjórða sætið harðnar

Tveir leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær þar sem Liverpool og Everton unnu góða sigra. Útlit er fyrir harða baráttu þessara nágrannaliða um sæti sem gefur þátttökurétt í Meistaradeildinni að ári.

FÓTBOLTI Liverpool vann Bolton mjög örugglega 1-3 þar sem Grétar Rafn Steinsson fór meðdur af leikvelli í fyrri hálfleik og Everton vann góðan sigur á Hermann Hreiðarssyni og félagum í Portsmouth.

Heimamenn í Bolton byrjuðu leikinn af miklum krafti gegn Liverpool á Reebok-leikvanginum í gær; El-Hadji Diouf, fyrrverandi leikmaður Liverpool, átti auka-spyrnu í slá strax á fimmtu mínútu og gestirnir lentu undir mikilli pressu.

Steven Gerrard var þó fljótur að snúa leiknum Liverpool í hag þegar hann átti skot að marki Bolton sem stefndi framhjá markinu en markvörðurinn Jussi Jääskeläinen náði á einhvern óskiljanlegan hátt misreikna skotið og fá boltann þannig í sig að hann snerist inn í markið. Atvikið var sem blaut tuska framan í andlit Boltonmanna, sem misstu taktinn við leikinn, og Liverpool var óheppið að bæta ekki fleiri mörkum við í fyrri hálfleik. Ryan Babel fór mikinn í fyrri hálfleik fyrir Liverpool og Grétar Rafn átti í stökustu vandræðum með hann, en síðar kom reyndar í ljós að Grétar Rafn gekk ekki heill til skógar og þurfti að yfirgefa völlinn á 42. mínútu vegna meiðsla.



GLÆSILEGT SKALLAMARK Everton-maðurinn Tim Cahill er ekki hár í loftinu en hann er engu að síður frábær skallamaður og hann sýndi það enn eina ferðina í gær þegar hann stökk manna hæst í teignum og skoraði annað mark Everton á Goodison Park. NORDIC PHOTOS/GETTY



BASL Ryan Babel gerði Grétari Rafni lífið leitt á Reebok-leikvanginum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Liverpool hélt uppteknum hætti í síðari hálfleik en Bolton-liðið átti engin svör og virkaði afar bitlaust sóknarlega. Babel skoraði annað mark Liverpool á 60. mínútu með fínu skoti frá vítateignum eftir að varnarmönnum Bolton hafði mistekist að koma boltanum almennilega í burtu, en Dirk Kuyt hafði átt skot í stöngina í sömu sókn. Vandræði Bolton héldu áfram og á 75. mínútu fékk Fabio Aurelio nægan tíma til þess að hlaða í þrumuskot fyrir utan teig sem Jaaskelainen kom engum vörnum við í markinu. Bolton náði þó að klóra í bakkann með skallamarki varamannsins Tamir Cohen þegar rúmar tíu mínútur lifðu leiks en

lengra komust heimamenn ekki; lokatölur urðu 1-3 og Liverpool með mikilvæg stig í baráttunni um Meistaradeildarsæti.

Everton á flugi

Everton og Portsmouth eru einnig með í baráttunni um Meistaradeildarsætið og því var mikið í húfi á Goodison Park þegar liðin áttust við í gær.

Það tók Everton aðeins fimmtíu sekúndur að komast yfir í leiknum þegar Yakubu, fyrrverandi leikmaður Portsmouth, skoraði með skalla eftir sendingu Steven Pienaar. Hermann Hreiðarsson og félagar í Portsmouth voru í tómu tjóni framan af leik en náðu

þó að jafna leikinn á 38. mínútu þegar markahrókurinn Jermain Defoe skoraði eftir góða fyrirgjöf frá Glen Johnson og staðan jöfn í hálfleik.

Everton náði yfirhöndinni á ný á 73. mínútu þegar Tim Cahill stökk manna hæst í teignum og skallaði boltann glæsilega í netið og aftur var það eftir undirbúning Pienaar. Yakubu innsiglaði svo glæsilegan sigur Everton með sínu öðru marki og lokamarki leiksins þegar tæpar tíu mínútur lifðu leiks. Everton heldur því fjórða sætinu og hefur enn ekki tapað leik í ensku úrvalsdeildinni á nýju ári. omar@frettabladid.is

AURIS


Nýtt upphaf

Auris - Nýtt upphaf.

Bíll er miklu meira en farartæki. Bíll er tákn um karakter, tákn um hvert þú ætlar þér, hvað þú stendur fyrir.

Toyota kynnir Auris. Bíl sem er hannaður utan um þig og þína tilveru. Finndu hljóðláta snerpuna. Leyfðu honum að flytja þig þangað sem þú vilt. Leyfðu þér að skoða hann, reynsluaka. Þá stenstu ekki mátið.

Verð frá: 2.069.000 kr.



Dísil Auris

Nú er Auris líka fánlegur með Toyota D-4D dísilvélinni, en sú tækni tryggir þér hljóðlátari, sparneytnari og aflmeiri akstur en áður hefur þekkt, auk þess sem D-4D dísilvélin er mun umhverfisvænni kostur en sambærileg bensínvél.

Kynntu þér eiginleika D-4D dísilvéla Toyota. Kostirnir leyfa sér ekki.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjaneshæ
Njarðarbraut 19
Reykjaneshæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070



GETUR EKKI LÆRT Á GÍTAR Wayne Rooney hefur gefist upp á að læra á gítar og er sestur við trommusettið í staðinn. Hann sést hér á NBA-leik með unnustu sinni, Coleen McLoughlin.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Wayne Rooney er kominn á fulla ferð í tónlistinni:

Rooney lemur húðir

FÓTBOLTI Wayne Rooney, framherji Manchester United, á sér drauma um að komast áfram sem tónlistarmaður en hann sinnir þessu áhugamáli sínu af miklum krafti þessa dagana.

Rooney á svipaðan draum og flestir aðrir drengir að spila á gítar og hefur verið að mæta í gítartíma síðustu vikur. Það hefur ekki gengið sem skyldi og því hefur Rooney lagt gítarnum og er nú byrjaður að æfa á trommur.

„Ég var að reyna að læra á gítar en var orðinn vitlaus á því. Það er virkilega erfitt,“ á Rooney að hafa sagt við breska slúðurblaðið The Sun en með fréttinni fylgir að

Rooney hafi einnig átt erfitt með að læra á nótur.

Það er spurning hvort Rooney hafi æft sig á gítarinn sem Noel Gallagher, gítarleikari Oasis, áritaði er Rooney átti afmæli. Þá kom unnusta Rooneys rauðum gítar til Gallagher og bað hann um áritun þar sem Rooney er mikill Oasis-aðdáandi.

Gallagher, sem heldur með erkióvinum United, Manchester City, var mjög hissa á böninni en varð við henni. Fyrst lét hann samt spreyja gítarinn í litum Man. City og skrifaði síðan á hann: „Til hamingju með afmælið, fituhlunkur“.

- hbg

Teddy Sheringham leggur senn skóna á hilluna:

Pabbi vildi að ég tæki 8 ár í viðbót

FÓTBOLTI Gamla kempan Teddy Sheringham hjá Colchester United, sem verður 42 ára í næsta mánuði, hefur loksins ákveðið að leggja skóna á hilluna frægu í lok tímabilsins í ár eftir 26 ára langan feril sem atvinnumaður.

„Ég hef notið mín til hins ítrasta og vil þakka öllum þeim sem tóku þátt í og hjálpuðu mér á þessu frábæra ferðalagi. Pabbi minn var að vonast til þess að ég myndi halda áfram og reyna að slá met Sir Stanley Matthews sem hætti

þegar hann var fimmtugur en ég held að þetta sé rétti tíminn fyrir mig til að hætta,“ sagði Sheringham, sem byrjaði ferilinn hjá Millwall árið 1982 en var á hátindi ferilsins með Manchester United þar sem hann vann þrjá deildartitla og átti stóran þátt í velgengni United árið 1999 þegar liðið vann þrennuna með sigri í deildinni, FA-bikarnum og Meistaradeildinni.

- óþ

STÓR STUND Sheringham fagnar sigri í Meistaradeildinni með Beckham.

NORDIC PHOTOS/GETTY



La Marina

Kæri Sumarbústaðaeigandi á Spáni



Erum að senda stórann gám til Spánar á La Marina svæðið
Það er ennþá pláss fyrir 4 potta í gáminum.
Það eru spes verð í gangi fyrir þessa einu sendingu.

ATH!! Opn alla helgina.

Laugardag 10.00-16.00

Sunnudag 12.00-16.00

*Ath: Það þarf ekki að greiða
24,5% vsk af vörunnu hérna
þar sem um útflutning er að ræða.*



Arctic Spas Faxafeni 9

Sími: 554 7755 www.arcticspas.is

www.toyota.is



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

> Denzel Washington

Denzel Washington hefur leikið í fjölmörgum kvikmyndum og í flestum þeirra leikur hann hermann eða herforingja. Hann hefur tvisvar leikið hermann sem kom illa út úr Flóastríðinu og í kvöld sýnir Stöð 2 Bíó aðra þeirra. Hún heitir The Manchurian Candidate og er sýnd að miðnætti.



dags



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON ER MEÐ BITFAR Á SÁLINNI

Passið ykkur á gamla fólkinu*

Allt gamalt fólk er lúmskt og undirfúllt þrátt fyrir að eiga það eitt sameiginlegt að hafa fæðst fyrir löngu síðan. Gamalmenni hafa þróað með sér góðlátlegt yfirbragð sem við yngra fólkið höldum yfirleitt að sé tilkomið vegna reynslu langrar ævi; að fólk hafi öðlast djúpan skilning á hinum margvíslegu og flóknu viðfangsefnum lífsins og sé þess vegna sátt við sitt. En ekkert gæti verið lengra frá sannleikanum. Þetta er einfaldlega kúgunartæki; verkfæri í höndum illmenna sem hafa lært hvernig þau geta fengið allt upp í hendurnar án þess að hreyfa legg né lið. Auðvitað fullyrða þessi vel skipulögðu öfgasamtök að meðlimir hreyfingarinnar geti ekki hreyft legg né lið. En þetta er í raun aðeins hluti blekkingarinnar.

Á ónefndu elliheimili á höfuðborgarsvæðinu átti ég erindi í gær. Vegna sérstakra aðstæðna þurfti ég að bíða og var vísað til stofu. Þar sátu gamalmenni. Þau gáfu sig á tal við mig



samkvæmt reglum samtakanna. „Hverra manna ert þú?“ spurðu þau. Ég sagði þeim það. Þá féll sprengjan. Kona með kattargleraugu og falskar tennur sem voru ívið of stórar spurði: „Voðalega eyðið þið unga fólkið miklum tíma yfir sjónvarpsglápi. Af hverju vinnið þið ekki eins mikið og við gerðum?“ Ég muldraði eitthvað en þá bætti herramaður, sem minnti mig helst á girðingarlykkju í þrjónavesti, við að ungt fólk hefði það of gott og væri þrælur fjölmiðlabyltingarinnar.

Um þetta voru þau öll sammála og gleymdu mér. Áður en ég fór hlustaði ég á einn gamlingjann lýsa því hvernig pabbi hans hefði í hverri viku gengið tugi kílómetra og róið á milli fjárða fyrir vestan til að hlaða batteríð í útvarpstækið þeirra. Það hefði verið þess virði því enginn vildi vera útvarpslaus í þá daga. Jamm?!

*Engin gamalmenni meiddust við gerð þessa pistils. Höfundurinn rann reiðin við skrifritnar en hafði ekki tíma til að tóna hann niður.

EKKI MISSA AF



▶ **19.00 Hollyoaks** SIRKUS



▶ **19.50 Friends** STÖÐ2



▶ **20.05 American Pie Presents Band Camp** STÖÐ2BÍÓ



▶ **20.10 One Tree Hill** SKJÁREINN



▶ **21.15 Glæpahneigð** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Tákn málsfréttir
- 17.30 Hanna Montana (20:26)
- 17.53 Skritin og skemmtileg dýr
- 18.00 Myndasafnið
- 18.01 Gurra grís
- 18.06 Lítil prinsessa
- 18.17 Halli og risaöldlufatan
- 18.30 Meistaradeild VÍS í hestaiþróttum
- Þáttaröð í umsjón Brynju Þorgeirsdóttur.
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.20 Jörðin og náttúruöflin (1:5) (Earth - The Power of the Planet) Breskur heimildamyndaflokkur.
- ▶ 21.15 Glæpahneigð (41:45) (Criminal Minds)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.20 Sportið
- 22.45 Hvarf (1:8) (Cape Wrath)
- 23.40 Spaugstofan
- 00.05 Kastljós
- 00.45 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 American Pie Presents Band Camp
- 08.00 Guess Who
- 10.00 Moonlight And Valentino (e)
- 12.00 Bobby Jones: Stroke of Genius
- 14.05 Guess Who
- 16.00 Moonlight And Valentino (e)
- 18.00 Bobby Jones: Stroke of Genius
- ▶ 20.05 American Pie Presents Band Camp (Amerísk baka í sumarþúðum)
- 22.00 Tremors 4: The Legend Begins
- 00.00 The Manchurian Candidate
- 02.05 Prophecy II
- 04.00 Tremors 4: The Legend Begins



- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Oprah
- 08.50 Í finu formi
- 09.05 The Bold and the Beautiful
- 09.25 La Fea Más Bella
- 10.10 Studio 60
- 10.55 60 mínútur
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Neighbours
- 13.10 Numbers
- 13.55 Owing Mahowny
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2
- 17.28 The Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbours
- 18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.50 Ísland í dag og íþróttir
- 19.25 The Simpsons
- ▶ 19.50 Friends

20.15 American Idol (14:42) Bandaríska útgáfan af Idol-Stjómuleit er vinsælasti sjónvarpsviðburður í heimi. Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjómuna en fram að þessu hafa sigurvegarar kepnninnar og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn og selt milljónir platna. Dómaramir Simon Cowell, Paula Abdul og Randy Jackson eru á sínum stað, rétt eins og kynniinn Ryan Seacrest.

- 21.15 American Idol (15:42)
- 22.15 American Idol (16:42)
- 23.00 Crossing Jordan (11:17) Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2 snýr aftur. Þar höldum við áfram að fylgjast með störfum réttarlæknisins Dr. Jordan Cavanaugh og félagu hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston. Þættirnir eru framleiddir af hinum sömu og framleiða Las Vegas.
- 23.45 War Stories
- 01.20 Most Haunted
- 02.05 Owing Mahowny
- 03.50 Hustle
- 04.45 Crossing Jordan
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag
- 06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SYN besta sætið

- 07.00 Spænski boltinn (Villarreal - Osasuna) Útsending frá leik í spænska boltanum.
- 16.10 Spænski boltinn (Villarreal - Osasuna) Útsending frá leik í spænska boltanum.
- 17.50 PGA Tour 2008 (Honda Classic) Útsending frá Honda Classic mótinu sem fór fram á Palm Beach velinum sunnudaginn 2. mars
- 20.50 Inside Sport Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
- 21.20 Þýski handboltinn (Þýski handboltinn 2007-2008 - Highlights) Öll helstu tilþrífir úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.
- 22.00 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimri Guðjónssyni.
- 22.45 World Supercross GP Að þessu sinni er keppt á Georgia Dome leikvanginum í Atlanta í World Supercross GP.
- 23.40 Heimsmótaröðin í póker

SYN2

- 07.00 Everton - Portsmouth Útsending frá leik Everton og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.
- 16.05 West Ham - Chelsea Útsending frá leik West Ham og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
- 17.45 English Premier League
- 18.45 PL Classic Matches
- 19.15 Bolton - Liverpool Útsending frá leik Bolton og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 English Premier League Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
- 21.55 Coca Cola mörkin
- 22.25 Newcastle - Blackburn Útsending frá leik Newcastle og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.
- 00.05 Man. City - Wigan Útsending frá leik Man. City og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 16.45 Vörutorg
- 17.45 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.
- 18.30 The Drew Carey Show (e)
- 18.55 Less Than Perfect (e)
- 19.20 Giada's Everyday Italian (e)
- 19.45 Everybody Hates Chris (e)
- ▶ 20.10 One Tree Hill (4:18) Bandarísk unglingsgera þar sem húmor, dramatík og bullandi rómantík fara saman. Brooke opnar nýju búðina sína og Peyton lendir í vandræðum með hrokafulla söngvarann sem hún er með á sínum snærum. Nathan reynir að hjálpa körfuboltastrák úr ógöngum.
- 21.00 Bionic Woman (5:8) Hröð og spennandi þáttaröð um hörkukvendi sem býr yfir einstökum eiginleikum. Jaime þykist vera háskólanemi til að komast nær kennara sem grunaður er um að tengjast hryðjuverkamönnum. Málið flækist þegar hún fellur fyrir aðstoðarmanni kennarans, sem einnig þykir grunsamlegur.
- 21.50 C.S.I. - NÝTT Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Fyrsti þátturinn í áttundu þáttaröð af vinsælustu sakamálaseríu veraldar. Í síðustu þáttaröð barðist Gil Grissom við hættulegan raðmorðingja. Nú veit hann að það er kona og Sara er fangi hennar. Nú hefst leitin að henni. Grissom er í kapphlaupi við klukkuna og hver mínúta skiptir máli.
- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfluglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.25 The Drew Carey Show
- 23.50 Dexter (e)
- 00.40 The Dead Zone (e)
- 01.30 Vörutorg
- 02.30 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttá vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 ásunndag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Næturtonnar

Sígild tónlist næturlangt allan ársins hring á RÁS 1

RÁS 1
www.ruv.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL.21.15
American Idol

Bandaríska útgáfan af Idol-Stjörnuleit er vinsælasti sjónvarpsviðburður í heimi. Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjörnuna. Fram að þessu hafa sigurveggar keppinnar slegið rækilega í gegn og selt milljónir plötna. Þáttaröðin hefur farið gríðarlega vel af stað og Simon hefur fullt að keppendum hafi aldrei verið betri.



▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Jörðin og nátturuöflin (1:5)
SJÓNVARPIÐ kl. 20.20

Í fyrsta þættinum er fjallað um eldvirkni og eldfjöll og þar kemur Ísland nokkuð við sögu. Eldfjöll eru það afl sem mestan þátt hefur átt í sköpun jarðarinnar eins og við þekkjum hana. Hér er sigið niður að hraunpytti og kafað í vatnshelli til að sýna hvernig hitinn sem kyndir eldfjöllin kemur við sögu við mótun plánetunnar.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.00 Fréttir
06.05 Árla dags
06.50 Bæn
07.31 Morgunvaktin
08.00 Morgunfréttir
09.00 Fréttir
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Vít og breitt
14.03 Bak við stjórnurnar
15.03 Útvarpsagan: Dauðinn og mörgæsin

15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Viðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Stjörnuvíkingur
21.20 Kvika
22.12 Lestur Passíusálma
22.20 Afsprengi
23.10 Lárétt eða lóðrétt
00.07 Næturtonar
01.03 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristlegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks (135:260)
16.30 Hollyoaks (136:260)
17.00 Totally Frank (23:26)

17.25 Falcon Beach

18.15 X-Files (12:24)

19.00 Hollyoaks (135:260) Hágæða bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Sérían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.

19.30 Hollyoaks (136:260)

20.00 Totally Frank (23:26) Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem biða þeirra. 2005.

20.25 Falcon Beach

21.15 X-Files (12:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirmáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

22.00 Pushing Daisies

22.45 Cold Case

23.30 Big Shots

00.15 Sjáðu

00.40 Extreme: Life Through a Lens (4:13)

01.25 Lovespring International (9:13)

01.50 Big Day (9:13)

02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Mér finnst Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Gestir þáttarinn eru Elly Ármanns og Björk Jakobsdóttir. Tekið er á mállefnum líðandi stundar á hipurslausan hátt og allt látið flakka.

21.00 Fókus á framhaldsskóla Nemendur í Menntaskólanum við Hamrahlið láta ljós sitt skína. Skólalíf er skoðað frá ýmsum hlöðum.

21.30 Nútímafólk (e)

DR 1

11.00 TV Avisen 11.10 21 Stundag 11.50 Aftenshowet 12.20 OBS 12.25 Natur til hele banden 12.50 Diagnose søges 13.20 Regentparret besøger Mexico 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawsons Creek 15.00 Flemmings Helte De Luxe 15.15 SKUM TV 15.30 Den lysende panter 15.35 Naruto 16.00 Troldspejlet 16.15 Robotboy 16.30 Tigerdyret og Plys 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Søren og Søren 19.00 Vores planet 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Mistænkt 4: Inderkredsen 22.40 OBS 22.45 Seinfeld 23.10 Smagsdommerne

NRK1

11.10 Kjempekrabbenes invasjon 11.40 Grosvold 12.20 Åpen himmel: Engler i advent 12.50 Med hjertet på rette staden 13.40 Urter 14.00 Newton 14.30 Erstatterne 15.00 Absalons hemmelighet 15.30 Supermusikk 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Barnas superjul 17.30 KatjaKaj og BenteBent 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Faktor: Berre ein gris 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.35 Jane Eyre 21.30 Store studio 22.00 Kveldsnytt 22.15 Keno 22.20 Kriminalsjef Foyle 23.55 Nytt på nytt 0.25 Kulturnytt

SVT 1

11.00 Rapport 11.05 Agenda 12.00 Sportspegeln 13.05 Sampo Lappelill 14.30 Andra Avenyn 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Garage 16.30 Krokmax 17.00 Bolibompa 17.20 Jasper Pingvin 17.30 Allt om djur 18.00 Bobster 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Andra Avenyn 19.30 Kungamordet 20.30 Världens vildaste vanvett 21.00 Mordet på Anna P 21.55 Rapport 22.05 Kulturmytterna 22.20 Melodifestivalen 2008: Deltävling 3 23.55 Vita huset 0.40 Sändningar från SVT24

FERMINGARVEISLAN ER HAFIN

Frábær fermingartilboð í Hátækni

Nokia 5310 XpressMusic
Práðlaus heyrnartól fylgja.
Fullt verð 47.990
Fermingartilboð kr. 39.995

Palladine EPT3250M
HD Ready 32" LCD sjónvarp.
Fermingartilboð kr. 69.995

KEF Picoforte
iPod tónlistarstöð.
Fermingartilboð kr. 49.995

Nokia 5610 XpressMusic
Práðlaus heyrnartól fylgja.
Fullt verð 52.990
Fermingartilboð kr. 44.995

Creative PlayDock i500
iPod tónlistarstöð.
Fermingartilboð kr. 19.995

Ármúli 26 • Sími 522 3000 • www.hataekni.is • Opnunartími: virka daga 9-18 | laugardaga 12-17

Hátækni



„Ég hlusta nú á margt. Yfirleitt er það þó Bítíð á Bylgjunni til klukkan nú. Eftir það hlusta ég oftast á Útvarp Sögu.“

Marteinn S. Björnsson leigubíljstjóri.

Ragnheiður með hundinn sinn í leikriti

Sjónvarpsþulan fyrrverandi Ragnheiður Elín Clausen fer með hlutverk í leikritinu L'effet de serge sem verður sýnt á leiklistarháttíðinni Lókal sem fer fram í Reykjavík 5. til 9. mars.

„Ég er búin að fá æfingaplanið og ég veit að ég mun hafa hundinn minn með því hann leikur stórt hlutverk í sýningunni,“ segir Ragnheiður, sem á reyndar þrjár tíkur sem hún getur valið úr. Búa tvær þeirra, Hríma og Hekla, hjá henni. „Bjarni Jónsson leikskáld hafði samband við mig. Hann hefur verið að kenna mér í vetur að læra að skrifa leikrit í háskólanum og hann mat það svo að ég ætti eitthvert erindi í þetta,“ segir hún.

Nokkuð langt er liðið síðan Ragnheiður steig síðast á svið en það var í Herranótt MR þar sem hún lék meðal annars í Rómeó og Júlíu eftir Shakespeare.

L'effet de serge er franskt leikrit en er flutt á ensku. Var það frumflutt í París í nóvember í

fyrira við góðar undirtektir. Auk Ragnheiðar og nokkurra annarra Íslendinga fer hópur Frakka með hlutverk í leikritinu og segist hún taka því feginns hendi að fá að æfa sig í frönskunni. „Það verður sérstaklega skemmtilegt að hitta Frakkana og fá tækifæri til að tala smá frönsku. Það er rosalega spennandi að taka þátt í svona nýju verkefni og fersku og það er ekki ónýtt fyrir Íslendinga að fá svona verk hingað heim.“

Ragnheiður er ekki búin að ákveða hvaða hundur fær að koma með henni á sýninguna. „Það fer allt eftir því hver verður óþekktust og hver verður þægust. Ætli það komi ekki í ljós á ögurstundu.“

RAGNHEIÐUR ELÍN CLAUSEN Ragnheiður Elín Clausen fer með hlutverk í leikritinu L'effet de serge. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. létu 6. einnig 8. geymsla 9. tilvist 11. íþróttafélag 12. æxlunarfæri blóms 14. yfirstéttar 16. frá 17. gagn 18. þakbrún 20. peninga 21. köttur.

LÓÐRÉTT

1. íþrótt 3. í röð 4. flokkur sýklalyfja 5. dýrahljóð 7. afriku dýr 10. óvild 13. of lítið 15. baklaflá 16. í viðbót 19. vörumerki.

LAUSN

stél, 16. auk, 19. ss. 5. urf, 7. gírafífl, 10. fæð, 13. van, 15. LÖBDRÉTT: 1. gólf, 3. áb, 4. fúkaþf, nýt, 18. urf, 20. fé, 21. kisi. LÁRÉTT: 2. gátt, 6. og, 8. búr, 9. líf, 11. kr, 12. fræva, 14. aðals, 16. af, 17.

JÓN PÁLL VILHELMSSON: MYNDAÐI FYRIR TÍSKURISA Í MÍLANÓ

Vann hjá Armani í hálf t. ár

Ljósmyndarinn Jón Páll Vilhelms-son dvaldist í Mílanó frá febrúar til ágúst á síðasta ári, þar sem hann starfaði fyrir hinn heimsfræga tískuhönnuð Giorgio Armani. Jón Páll lærði ljósmyndun í Bandaríkjunum á árunum 1990 til 1995 og hefur starfað við fagið hér á landi síðan. Starfstilboðið frá Mílanó rat-aði inn á borð til hans eftir að gam- all skólabróðir benti á Jón Pál í starf ljósmyndara með David McKnight, sem er fastráðinn hjá Armani. „Hann hringdi í mig aðfaranótt laugardags og sagði mér að ég fengi starf sem ljósmyndari hjá Armani ef ég gæti drifið mig til Mílanó,“ útskýrir Jón Páll, sem var mættur í vinnu á þriðjudegi.

Jón Páll starfaði aðallega við að taka ljósmyndir fyrir svokallaðar „lookbooks“. Í bókunum geta versl- anir sem vilja kaupa inn vörur frá hönnuðunum skoðað komandi línur og valið úr. Eins og gefur að skilja er því unnið töluvert fram í tímann, og línurnar sem Jón Páll myndaði fyrir um ári síðan eru núna fyrst að rata í verslanir. „Þetta var svona tíu manna teymi, með ljósmyndun- um, aðstoðarmönnum og fólki sem sá um eftirvinnslu, og við skiludum af okkur svona tvö til fjögur hund- uð myndum á viku. Það er nánast ársframléiðslan hjá manni,“ segir Jón Páll og hlær við. Hann segist ekki hafa áttað sig á hversu víð- amikið fyrirtækið væri fyrr en hann hélt út. „Armani er með svo margar mismunandi línur. Það er Giorgio Armani, Armani Collezione, Empo- rio Armani, Armani Casa, sem er húsgagnalína, og svona má lengi telja,“ útskýrir Jón Páll. „Það eru einhver tuttugu fyrirtæki í þessari samsteypu. Það flotta er að Armani sjálfur er með puttana í öllu. Hann er örugglega að verða 75 ára núna, en hann fer yfir allt og segir af eða á,“ segir Jón Páll, sem kveðst þó ekki hafa spjallað mikið við goð- sögnina. „Hann talar ekki ensku og ég tala enga ítölsku, en hann kíkti alltaf til okkar annað slagið,“ segir hann.

Jón Páll sneri aftur heim eftir þetta hálf t. ár, enda með fjölskyldu hér á landi. Hann segir reynsluna hafa verið mjög góða og er ekki frá



SAMSTARFSFÉLAGAR HJÁ ARMANI Á myndinni eru, frá vinstri, Jón Páll, Henrik og Jörn, sem störfuðu saman í ljósmyndateyminu hjá Armani. Teymið skilaði af sér um 300 myndum á viku. MYND/JÓN PÁLL VILHELMSSON



VILLA ARMANI OG FAXAFLÓI Í BAKSÝN

Þessar myndir af sundfötum frá Armani tók Jón Páll í villu tísku- hönnuðarins í Pó-dalnum. Fyrirsæt- urnar stíltu sér upp í sundlauginni við húsið, en þegar Jón Páll hafði lokið eftirvinnslu var ekki bara að

finna ítalskan bakgarð á myndun- um. Sjórinn er nefnilega úr hinum alíslenska Faxaflóa, og skeljasandinn sem stúlkurnar standa á má finna á Löngufjörum á Snæfellsnesi.

því að hann taki svipuð verkefni að sér í framtíðinni. „Það kemur bara í ljós. Þetta er svo skrytinn bransi, maður veit minnst sjálfur hvað

verður,“ segir hann og kímur. Fleiri myndir Jóns Páls má sjá á síðunni jonpall.com. sunna@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Athygli vakti þegar útvarpsstöðin FM 957 hóf útsendingar á þætti Idol-kynnisins Ryan Seacrest. Sea- crest er feikilega vinsæll þar vestra og fær alla jafna stórstjórnur í spjall til sín milli þess

sem hann leikur vinsælustu lögin hverju sinni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun útvarpsréttarnefnd þó vera að skoða þessar útsendingar enda þykir það á ansi gráu svæði að senda út erlendan þátt með þessum hætti. Ágúst Héðinsson, framkvæmdastjóri útvarpsstöðs 365, hefur þó baktryggt sig því **Brynjar Már Valdímarsson**, hinn sívinsæli tónlistarmaður, mun koma inn á milli og fræða hlustendur um það sem farið hefur fram.

Regína Ósk fékk loks verð- skuldaða athygli í viðtali við fylgirit Fréttablaðsins, Föstudag. Regína hefur fallið algjörlega í skuggann af félagu sínum, Friðriki Ómari Hjörleifssyni, eftir að sá sendi áhangend- um Mercedes Club tóninn eftir sigur þeirra í Laugardagslögunum. Þau Regína og Friðrik eiga þó margt annað sameiginlegt því söngkonan á einnig silfurverðlaun frá undankeppni Euro- vision þegar hún mátti lúta í lægra haldi fyrir Silvíu Nótt.

Hugsanleg kvikmynd Ridley Scott um leiðtogafundinn í Höfða árið 1986 hefur vakið mikla athygli í Bandarík- unum og hafa allar helstu fréttastofur þar vestra fjallað um málið. Hins vegar liggur ekki fyrir hvort myndin verði tekin upp hér á landi þar sem enn á eftir að skrifa handrit og finna leik- stjóra. Aðstandendur myndarinnar hafa hins vegar sýnt mikinn áhuga á að taka upp á Íslandi svo lengi sem íslensk stjórnmöld hækka endurgreiðslupró- sent

Til gamans má geta þess að bloggari á vegum breska blaðsins Guardian lýsti því yfir að hann vildi fá **George Clooney** í hlutverk Reagans en Bob Hoskins sem Gorbatsjov. - fgg

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

Verndarengill

GULLSMÍÐJAN
Gudrún Þjarnadóttir
Gullsmíðar
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRDI
565 4453
GULLSMÍÐJAN.IS

Eiki Hauks og Hensley til Íslands

Rokkþyrstir Íslendingar og addá- endur Uriah Heep geta tekið gleði sína á ný því Eiríkur Hauksson og Ken Hensley ætla að hefðra land og þjóð með nærveru sinni hinn 30. apríl í Austurbæ. Ætla félag- arnir að skella upp mikilli rokk- veislu ásamt Dúndurfréttum dag- inn fyrir 1. maí en miðasala á herlegheitin hefst 10. mars.

Eiríkur Hauksson var að vonum spennur þegar Fréttablaðið náði tali af honum í Noregi. „Við ætlum að spila alla helstu slagara Uriah Heep og þetta verður mikið stuð,“ lýsir Eiríkur yfir. Rokkgoðið íslenska hefur að undanfögnu sungið með hljómsveit Hensley um alla Evrópu og er ekki í vafa

um að Uriah Heep-addáendur eigi eftir að fjölmenna. „Fyrir mér er Hensley holdgerving hljómsveit- arinnar enda maðurinn á bak við öll hennar helstu lög. Og hann er svo lifandi á sviðinu að maður gæti haldið að hann hefði fæðst með orgelið í höndunum,“ segir Eirí- kur, sem jafnframt hlakkar mikið til samstarfsins við Dúndurfréttir. „Ég er mjög ánægður með að þeir skuli vera með enda hafa þeir allt sem til þarf,“ segir Eiríkur.

Gamli Eurovision-farinn segir að Hensley sé jafnframt mjög spennur fyrir komunni til Íslands enda hafi hann aldrei komið hingað, ekki einu sinni millilént.



TÓNLEIKAR Í AUSTURBÆ Eiríkur Hauksson og Ken Hensley ætla að troða upp í Austurbæ kvöldið fyrir 1. maí. - fgg

MEST SELDI BÍLLINN Í EVRÓPU



PEUGEOT 207 SI6 - með glerþaki

1.6i - 5 dýra
120 hestöfl
ABS bremsukerfi
ESB stöðugleikakerfi

6 loftpúðar
Sport innrétting
Regnskynjari
Rafrifnar rúður

Aksturstólva
Tvískipt miðstöð
Loftkæling
Þokuljós

Bensineyðsla: 6,1L/100km í bl. akstri
CO₂ útblástur: 145g/km

beinskiptur kr. **2.205.000**

eða kr. **21.898** á mán.*

sjálfskiptur kr. **2.339.000**

eða kr. **23.213** á mán.*



PEUGEOT 207SW SI6 - með glerþaki

1.6i - 5 dýra
120 hestöfl
ABS bremsukerfi
ESB stöðugleikakerfi
Glerþak

6 loftpúðar
Sport innrétting
Tvískiptur hleri
Rafrifnar rúður
Regnskynjari

Aksturstólva
Tvískipt miðstöð
Loftkæling
Þokuljós

Bensineyðsla: 6,3L/100km í bl. akstri
CO₂ útblástur: 150g/km

beinskiptur kr. **2.322.000**

eða kr. **23.047** á mán.*

www.peugeot.is



Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík
Sími 520 1100
www.bernhard.is

Aðdráttarafll Peugeot 207 er gríðarlegt. Sportlegar línurnar eru í fullkomnu samræmi við rúmgott innra rými, vel útfærð smáatriði og ríkulegan staðalbúnað, sem fá þig til að standa á öndinni. Þó bíllinn sé smár þá er öryggið mikið. Peugeot 207 er hlaðinn öryggisbúnaði og hlaut 5 stjörnur í EuroNCAP árekstrarprófum. Þægilegur, rausnarlegur og öruggur, þetta er bíll sem krefst nánari skoðunar.

Peugeot 207 - mest seldi bíllinn í Evrópu.

DRIVE OF YOUR LIFE



Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

*Hlúðað við 35% úrborgun og bílasamning hjá SP fjármögnun í 84 mán., mynttarfa með japönskum jenum og svissneskum frónkum og hlutfálstólu kostnaðar 7,3%



BAKÞANKAR
Práins
Bertelssonar

Stormviðvörðun

Skynsamlegustu skrif sem birst hafa um íslensk efnahagsmál í háa herrans tíð eru eftir Andrés Magnússon geðlækni. Þótt ég sé að sjálfsögðu fremur sjúklingur en læknir deili ég ákveðinni kvíða-tilfinningu með Andrési. Reyndar hlýtur það að vera áhyggjuefni að sá okkar Íslendinga sem einna glúrnastur er í peningamálum segir að nýeinkavæddir bankarnir séu á nippinu með að fara á hausinn. Ríkisreknir bankar voru ekki upp á marga fiska en hengu samt á floti svo að maður var að vona að jakkafataviðundrin færu ekki að klúðra starfsemi sem felst í því að lána verðtryggða peninga á okurvöxtum.

SJÁLFUR hef ég aldrei fundið mikinn mun á efnahagslegum hæðum og lægðum enda er minn staður í tilverunni á efnahagslegu lægðasvæði þar sem aldrei er flugveður fyrir einkaþotur.

FJÁRMÁLASNILLINGAR koma mér forneskjulega fyrir sjónir. Bossklæddir viðskiptajöfrar nútímans þykja mér jafn ámatlegir og brynklaðir riddarar miðalda. Nú þarf svonefnt „viðskiptaviti“ til að græða meðan riddarastétt fornaldar byggði upp veldi sitt í krafti líkamlegra yfirburða líkt og svonefndir handrukkar gera enn í dag. Það er orðin ríkjandi skoðun að handrukk sé komið úr tísku og fáránlegt sé að menn afli sér fjár nema með „viðskiptaviti“.

MÍÐAÐ við stormviðvaranir um aðsteðjandi fjárhagslega fellibylji er kvíðvænlegt að sjá tómlæti yfirvalda um að koma almenningi í skjól áður en húsin fara að fjúka ofan af landsmönnum. Forsætisráðherrann okkar heimsækir Evrópusambandið og tilkynnir í því tilefni að Evrópusambandssumsókn sé alls ekki á dagskrá. Þetta er svipað og dr. Ólafur Ragnar gerði sér ferð í Valhöll og erindið væri að tilkynna að frú Dorrit og hann sé ekki að hugsa um að ganga í Flokkinn. Utanríkisráðherrann er hins vegar upptekinn við að koma Íslandi í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og undirbúa sig fyrir útrásarráðstefnu á Barbados. Það er vitanlega mikilvægt að Barbadosar fái vitneskju um hvað Íslendingar eru frábærir þótt enn hafi ekki komist í verk að opna þar sendiráð.

KANNSKI er ég að hengja bakara fyrir smíð. Kannski stendur það upp á Almannaþingarnir en ekki ríkisstjórnina að bregðast við efnahagslegum stormviðvörðunum?

OPEL ANTARA

DÍSIL - SJÁLFSKIPTUR

ENN BETRI ÞJÓNUSTA - ALLT OPEL VIÐHALD
Á OKKAR KOSTNAÐ Í 3 ÁR/60.000 KM

Opel Antara



2.0 Dísil sjálfsk.

3.990.000 kr.

Staðalbúnaður er m.a.: Vökvastýri, veltistýri, litað gler, útlarp og geislaspiari með MP3, hæðarstíllanlegt framsæti, 3 höfuðpúðar í aftursæti, öryggispuðar fyrir ökumann og farþega, gardínuloftpúðar, stíngengt aldrif, þriggja punkta belti fyrir alla farþega, ABS hemlar, ESP hemlavörn, frjökornasía, útvarpsfarstýring í stýri, hiti í sætum, loftkæling o.m.fl.

NYTT Á ÍSLANDI

OPEL VERND*

NOTALEG ÞRJU ÁR ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU

Öll þjónustuskóðun og allt viðhald
Þeir sem kaupa nýjan Opel fá alla þjónustuskóðun og allt viðhald sér að kostnaðarlausu í 3 ár eða að 60.000 km.

Við lánum þér alltaf bíl
Þegar viðskiptavinir Opel koma með bílinn sinn í þjónustuskóðun eða viðhald fá þeir lánan bíl til afnota á meðan.

30 daga skiptiréttur
Þeir sem kaupa nýjan Opel hafa 30 daga skiptirétt ef svo ólíklega vill til að bíllinn upplýli ekki væntingar.

Endurkaup
Til að tryggja endanlega þá sem kaupa nýjan Opel lofar Ingvar Helgason besta endurkaupsverði á markaðnum þegar keyptur er næsti nýi bíll hjá umboðinu.

*Nánari upplýsingar um Opel Vernd er að finna á opel.is eða hjá sölumönnum Ingvars Helgasonar ehf.



ENNEMM / SIA / N032444

ENGINN ÞJÓNUSTA- EÐA VIÐHALDSKOSTNAÐUR Á NÝJUM OPEL



Antara / Verð frá 3.990 þús.
Vectra / Verð frá 2.890 þús.
Astra / Verð frá 2.090 þús.
Corsa / Verð frá 1.770 þús.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 Akureyri, Öseyri 5, 464 7940 Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808



INGVAR HELGASON

GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn
3. mars, 63. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 8.27	13.40	18.53
Akureyri 8.16	13.24	18.34

Heimild: Almanak Háskólans